FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

286. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 5. DESEMBER 2017



Gagnvirk ljósainnsetning á vegum Íslandsdeildar og ungliðahreyfingar Amnesty International við Hallgrímskirkju hélt áfram í gær. Innsetningin er liður í herferð samtakanna Bréf til bjargar lífi sem snýst um að safna undirskriftum til að skora á stjórnvöld tíu ríkja, meðal annars Hondúras og Kína, að virða mannréttindi einstaklinga sem brotið er á. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Afslátt af námslánum til að efla byggðir

**Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra hyggst beita námslánakerfinu til að efla búsetu í brothættum byggðum. Byggt á reynslu Norðmanna sem afskrifa lán sérfræðinga um 10 prósent á ári í þágu brothættra byggða. Liður í uppbyggingu innviða um landið, segir Lilja.**

**STJÓRNMÁL** „Þetta gengur út á að fólk sem býr og vinnur á svokölluðum aðgerðasvæðum og er með námslán gæti sótt um afslátt af námslánum,“ segir Lilja Alfreðsdóttir, nýr menntamálaráðherra. Hún hyggst kanna kosti þess að nýta námslánakerfið til að hvetja fólk til að setjast að í dreifðum byggðum, í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Lilja vísar til reynslu Norðmanna af þessari leið þar sem fólk getur fengið tíu prósenta lækkun á námslánum árlega hafi það búið á tilgreindum svæðum í tólf mánuði.

„Þar hefur þessu úrræði verið beint inn á svæði þar sem skortur hefur verið á sérfræðimenntuðu fólki,“ segir Lilja. Úrræðið hafi skilað töluverðum árangri í Norður-Noregi og laðað til dæmis lækna og tæknimenntað fólk á strjálbýl svæði.

„Í mörgum tilvikum hefur þetta fólk ílengst á svæðinu eftir að námslán þess eru greidd að fullu.“

Aðspurð um þau svæði sem myndu njóta þessa úrræðis segir Lilja að það gæti verið breytilegt en um yrði að ræða svæði þar sem erfitt reynist að halda uppi tiltekinni þjónustu vegna skorts á sérfræðimenntuðu fólki.

Eins og fram kemur í stjórnarsáttmálanum kemur til greina að fleiri hvatar til landsbyggðarbúsetu verði kynntir. Reynslan í Noregi hefur sýnt að þetta úrræði dugar ekki eitt og sér til að halda fólki í strjálbýlinu. Ráðast þurfi í aðrar aðgerðir samhliða.

Lilja segir ekki liggja fyrir hvenær frekari tíðinda sé að vænta af þessu úrræði en þetta verði unnið í tengslum við heildarendurskoðun námslánakerfisins.

„Liður í þeirri endurskoðun þarf að vera hvernig hvata við getum sett til að efla þekkingarsamfélagið úti á landi. En auðvitað snýst þetta fyrst og síðast um innviðauppbyggingu um landið og þá þjónustu sem er í boði,“ segir Lilja Alfreðsdóttir. **– aá**

## Bónus aftur með ódýrustu jólabækurnar

**VERSLUN** Costco tekur þátt í jólabókaflóðinu og virðist ætla að veðja á valda metsöluhöfunda fremur en úrval. Allt að 52 prósenta verðmunur er á bókum milli verslana. Verðið er í algjörum sérflokki í Bónus samkvæmt könnun Fréttablaðsins.

Benedikt Kristjánsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bókaútgefenda, segir það slæma þróun að matvöruverslanir séu með svo sterka stöðu í jólabókaflóðinu. **– smj /** **sjá síður 8 og 9**



**Benedikt Kristjánsson, Félag íslenskra bókaútgefenda**

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Höfnum ekki fornleifafræðilegum niðurstöðum, skrifar Helgi Þorláksson, Varðmaður Víkurgarðs. **10**

**SPORT** Tiger Woods minnti golfheiminn á að hann er ekki búinn að vera. **12**

**MENNING** SOL dregur áhorfendur inn í tölvuveruleikann. **18**

**LÍFIÐ** Bolli Ófeigsson er ósáttur við ákvörðun um að loka fyrir umferð bíla víða í miðbænum frá 14. til 23. desember. **26**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● BÍLAR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Norðaustankaldi og léttskýjað sunnanlands í dag en él um landið norðanvert og einnig suðvestan til seint um kvöldið. Vægt frost en talsvert inn til landsins. SJÁ SÍÐU 16



**Konungur fékk gjafir frá Svía í Paradísarskjölunum.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Lúxuslíf fyrir málaskólafé

**DANMÖRK** Foreldrar danskrar stúlku greiddu danska fyrirtækinu EF Education First nær 15 þúsund danskar krónur, eða um 240 þúsund íslenskar krónur, fyrir 10 daga dvöl í málaskóla í München í Þýskalandi.

Peningarnir fóru til fyrirtækis í Sviss sem ber nafnið EF International Language Schools Ltd. Starfsmaður fyrirtækjaskrár í kantónunni Luzern, þar sem fyrirtækið er skráð, segir ekki vitað hver eigandinn er.

**» Bertel Hult varði svo miklu fé til að styrkja bönd sín við sænsku konungsfjölskylduna að lögreglan rannsakaði hvort um mútugreiðslur væri að ræða.**

Í Paradísarskjölunum, sem lekið var til Süddeutsche Zeitung, kemur hins vegar fram að greiðslur foreldra dönsku stúlkunnar og þúsunda annarra um allan heim enda í skattaskjólum og tryggja manninum á bak við ferðir til málaskólanna, Svíanum Bertil Hult, lúxuslíf. Hann á einkaþotu, lúxussnekkju og umgengst þotuliðið og kóngafólk.

Hult ver svo miklu fé til að styrkja bönd sín við sænsku konungsfjölskylduna að ákæruvaldið rannsakaði fyrir nokkrum árum hvort um mútugreiðslur væri að ræða. – **ibs**

## Lesið af kappi



**Stúdentar landsins nýta nú hverja stund í að renna yfir námsefni annarinnar sem er að klárast í von um að standa sig sem best í lokaprófunum. Háskólatorg Háskóla Íslands var smekkfullt þegar ljósmyndari Fréttablaðsins kíkti á svæðið og þá voru nemendur niðursokknir í námsefnið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Albaninn enn þungt haldinn

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður sem grunaður er um að hafa stungið tvo albanska karlmenn með hnífi á Austurvelli á sunnudagsmorgun var ekki yfirheyrður í gær.

Annar mannanna sem særðist er enn í lífshættu og er þungt haldinn að sögn lögreglu en hinn hefur verið útskrifaður. Báðir hlutu nokkrar stungur.

Meðal gagna sem lögregla skoðar eru myndbandsupptökur af Austurvelli.

Lögregla segist ekki hafa upplýsingar um að hinn grunaði og mennirnir tveir hafi þekkst en staðfestir að þeir hafi átt í stuttum samskiptum fyrir árásina.

Hinn grunaði var handtekinn í Garðabæ skömmu eftir árásina og er í gæsluvarðhaldi. Lögregla kveður manninn ekki eiga afbrotasögu að baki. – **jkj**




# Kærir Garðabæ fyrir að leyfa flóðlýsingu

**Maður sem keypti hús við Túnfit í Garðabæ 2013 kærir bæinn fyrir að heimila flóðljós á nýjum gervigrasvelli. Vinnulag bæjarins er harðlega gagnrýnt í kærunni. Maðurinn telur að um brot á skipulags- og stjórnsýslulögum sé að ræða.**

**SKIPULAGSMÁL** Bæjarstjóra hefur verið falið að gæta hagsmuna Garðabæjar í máli sem íbúi við Túnfit í Garðabæ hefur kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Kæran snýr að ákvörðun bæjarráðs um að veita framkvæmdaleyfi fyrir ljósabúnaði fyrir gervigrasvöll Stjörnunnar í bæjargarði í Garðabæ.



**Mynd af framkvæmdum við nýjan íþróttavöll Stjörnunnar nærri Túnfit fylgdu kæru á hendur bænum. Breytingin er sögð vera „meiriháttar“ fyrir íbúana.**

Í kærunni segir að framkvæmdin sé hvorki í samræmi við gildandi aðal- né deiliskipulag fyrir svæðið. Því sé um brot á skipulagslögum og stjórnsýslulögum að ræða.

„Þá uppfylli framkvæmdaleyfið ekki kröfur skipulagslaga um að öll hönnunargögn verði að liggja fyrir þegar framkvæmdaleyfi er gefið út,“ segir enn fremur.

Vinnulag bæjarins er harðlega gagnrýnt í kærunni. Segir þar að bærinn hafi gefið út framkvæmdaleyfi vegna vallarins þann 18. maí 2017 og hafi hafið framkvæmdir strax daginn eftir. Íbúum hafi því ekki gefist tími til að kynna sér framkvæmdaleyfið og lögbundinn þriggja daga kærufrestur íbúa hafi verið virtur að vettugi.

Jafnframt er bærinn sagður reyna að koma sér undan því að klára hönnun vallarins að fullu þótt framkvæmdir séu langt komnar með því að búta framkvæmdina niður og gefa út fjölda framkvæmdaleyfa.

„Vinnulag Garðabæjar hefur gert það að verkum að jafnvel þó ÚUA úrskurði íbúum í vil í kærumáli þeirra þá eru hverfandi líkur á að gervigrasvöllurinn yrði fjarlægður. Kostnaðurinn við slíkt yrði mjög mikill og myndi lenda á íbúum Garðabæjar,“ segir í kærunni en á annan tug íbúa kærðu framkvæmdaleyfi vegna fyrri verkþátta í maí. Sú kæra er enn til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni.

**„ Jafnvel þó ÚUA úrskurði íbúum í vil í kærumáli þeirra þá eru hverfandi líkur á að gervigrasvöllurinn yrði fjarlægður. Kostnaðurinn við slíkt yrði mjög mikill og myndi lenda á íbúum Garðabæjar.**

Úr kæru á hendur Garðabæ

Bærinn er aukinheldur sakaður um að hraða framkvæmdum í því skyni að tryggja að völlurinn standi áfram jafnvel ef svo kynni að fara að nefndin úrskurðaði byggingu vallarins lögbrot.

Íbúinn sem um ræðir keypti hús sitt árið 2013 og stendur það rétt hjá fyrirhuguðum bæjargarði.

Segir í kærunni að umbreytingin á bæjargarðssvæðinu, þar sem útivistarsvæði sé „skipt út fyrir áberandi íþróttamannvirki“ sé grundvallarbreyting á þeim gæðum sem kærandi bjóst við í næsta nágrenni við heimili sitt og hafði verið auglýst af hálfu Garðabæjar. Íbúinn vildi ekki tjá sig um málið í samtali við Fréttablaðið. **thorgnyr@frettabladid.is**


GJAFAKORT ÍSLANDSBANKA
GEFST ALLTAF VEL
Gjafakort Íslandsbanka gefst alltaf vel, hvað sem er á óskalistanum.
Kortið gildir í verslunum og á netinu, rétt eins og önnur greiðslukort.
Það kemur í fallegum gjafaumbúðum og fæst í öllum útibúum okkar.
Þú þarft í raun ekkert að gera annað en að velja upphæðina.
íslandsbanki.is/gjafakort

# Vonir um samkomulag gengu ekki eftir

**BRETLAND** Samninganefndir Bretlands og Evrópusambandsins um útgöngu Breta úr sambandinu náðu ekki samkomulagi í gær eins og vonast var eftir. Frá þessu greindu Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, og Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar ESB, á sameiginlegum blaðamannafundi í gær.

Nefndirnar reyna nú að komast að samkomulagi um réttindi Breta búsettra í Evrópusambandsríkjum og öfugt, hversu mikið Bretum beri að greiða til ESB við útgönguna og landamæragæslu á landamærum Írlands og Norður-Írlands. Sagði May í gær að viðræður myndu hefjast á ný undir lok vikunnar og að hún væri fullviss um að hægt væri að loka þessum kafla viðræðna í sátt.

Undir þetta tók Juncker. Sagði hann viðræður gærdagsins ekki hafa mistekist og að hann væri bjartsýnn á framhaldið. Leiðtogaráð ESB fundar í næstu viku og vilja Bretar og ESB klára þennan kafla fyrir þann fund svo hægt verði að ræða mögulegan fríverslunarsamning á milli Bretlands og ESB. **– þea**



**Theresa May vill loka þessum kafla viðræðna sem fyrst.** NORDICPHOTOS/AFP


**Umferðin jókst mest á Suðurlandi.**

## Mest aukning á þriðjudögum

**SAMGÖNGUR** Umferðin um hringveginn hefur það sem af er ári verið tíu prósentum meiri en á sama tímabili í fyrra að því er kemur fram í samantekt Vegagerðarinnar.

Mest jókst umferð á Suðurlandi. Aukningin var 30 prósent í nóvember á Mýrdalssandi. Útlit er sagt fyrir að umferðin aukist um meira en tíu prósent í ár, sem yrði næstmesta aukning frá 2005.

Umferðin um Suðurland jókst hlutfallslega mest á þriðjudögum, um 12,1 prósent. **– bg**

## Sveitarfélögin gegn áreitni

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir ánægju með það frumkvæði sem konur í stjórnmálum hafa tekið undir merkjum „Í skugga valdsins“.


**Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Skorar stjórnin á sveitarstjórnir að taka þátt í umræðu um kynferðisofbeldi og áreitni og hvernig koma megi í veg fyrir slíkt athæfi á vettvangi stjórnmála og á vinnustöðum sveitarfélaga. Nauðsynlegt sé að öll sveitarfélög setji sér formlega stefnu og viðbragðsáætlun gagnvart einelti, ofbeldi og kynferðislegri og kynbundinni áreitni, enda sé slík hegðun „ólíðandi með öllu“. **– bg**

# Segir mótmælin fyrir utan heimili Steinunnar ekki mistök

**Lögmaður segir að ekki hafi verið gerð mistök við mótmælin fyrir utan heimili Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur. Ætlunin hafi aldrei verið að meiða neinn. Forstjóri Matís sér eftir mótmælunum. Guðlaugur Þór segir mótmæli fyrir utan heimili sitt hafa haft minnst áhrif á sig, hann hafi haft áhyggjur af börnum sínum.**

**SAMFÉLAG** „Það eru engin mistök að beita lýðræðislegum og stjórnarskrárvörðum réttindum til að mótmæla og tjá hug sinn,“ segir Björn Þorri Viktorsson, lögmaður og og einn þeirra sem komu að mótmælum fyrir utan hús Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, þáverandi þingmanns Samfylkingarinnar, vorið 2010.

Mikil umræða hefur sprottið upp eftir frásögn Steinunnar Valdísar í Silfrinu um helgina. Tjáði hún sig þar um mótmælin sem boðað var til vegna styrkja sem hún þáði á árunum 2006 og 2007. Sagði Steinunn Valdís einnig frá því að þjóðþekktir karlmenn hefðu hvatt aðra til að nauðga henni á meðan á mótmælum stóð.

Björn bætir við að honum þyki að það sé verið að skrifa söguna upp á nýtt að einhverju leyti.

„Það gleymist aðeins í umræðunni að í fyrsta lagi sagði Steinunn Valdís af sér og baðst afsökunar. Í kjölfarið voru settar reglur sem útiloka að svona hlutir geti gerst,“ segir Björn og á við styrkveitingarnar. Hann sé ekki viss um að þetta hefði gerst ef almenningur hefði ekki fylgt málinu eftir.

„Auðvitað stóð aldrei til af minni hálfu að meiða nokkurn eða, eins og Steinunn Valdís lýsir því núna, hafa svona gríðarleg áhrif á hana,“ segir Björn. Það sé eitthvað sem hafi komið honum á óvart og hafi aldrei verið tilgangurinn.

„Ég ætla ekki að fara að skattyrðast við Steinunni Valdísi eða fólk sem hefur verið að tjá sig fyrir hennar hönd. Ég er ekkert á leiðinni þangað,“ segir Björn sem lítur ekki svo á að gerð hafi verið mistök með umræddum mótmælum.

> **Auðvitað stóð aldrei til af minni hálfu að meiða nokkurn.**
>
> Björn Þorri Viktorsson, lögmaður

Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís, sem einnig kom að mótmælunum, er á öndverðum meiði.

„Ég held það sé mikilvægt að menn dragi lærdóm af þessu rétt eins og ég vona að við höfum lært af hruninu. Til að mynda eru styrkir til fólks í stjórnmálum núna uppi á borðinu sem var auðvitað síður á þessum tíma.“

Sveinn segir að það að mótmæla fyrir utan heimili Steinunnar Valdísar hafi verið röng leið. „Jafnvel þótt aðstæðurnar hafi verið öfgafullar á þessum tíma. Ég hef beðið hana afsökunar og myndi ekki gera þetta í núverandi stöðu, og ekki hvetja neinn til þess.“

Mótmælt var fyrir utan heimili fleiri stjórnmálamanna á sama tíma, þó ekki jafnharkalega og í tilfelli Steinunnar Valdísar. Segir Sveinn að þau mótmæli hafi einnig verið röng.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra er einn þeirra sem fengu mótmælendur upp að dyrum. „Það var náttúrulega langmest álagið á fjölskylduna. Sérstaklega börnin,“ segir Guðlaugur.

„Þess ber þó að geta að þetta var ekki í neinu samræmi við það sem Steinunn Valdís lenti í. Það var svo miklu, miklu meira hjá henni,“ segir Guðlaugur aukinheldur.

Einnig var mótmælt fyrir utan heimili Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, formanns Viðreisnar, á þessum tíma. Hún vill ekki tjá sig um málið.

Sjálf segist Steinunn Valdís hafa fengið hundruð skilaboða og símtala eftir frásögn sína. Hún sé þakklát fyrir þann stuðning sem henni hafi verið sýndur.

**thorgnyr@frettabladid.is**


**Guðlaugur Þór Þórðarson, Sveinn Margeirsson, Björn Þorri Viktorsson og Steinunn Valdís Óskarsdóttir.**




„Mikill fengur …“
ÞORVALDUR GYLFASON / FRÉTTABLAÐIÐ

„… skemmtileg, vel skrifuð og fróðleg … Þeir sem hafa áhuga á pólitík síðustu hundrað árin eða svo rífa hana í sig.“
SVAVAR GESTSSON / SVAVAR.IS

„… um stórmerkilega ævi og feril, og mjög áhugaverð fyrir alla þá sem eru forvitnir um okkar samtímasögu.“
EINAR KÁRASON / DV

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is** | Opið virka daga 10–18 | laugardaga 11–15

# ANOVA






## FULLKOMIÐ Í HVERT SKIPTI

Sous Vide byggir á að hráefnið sé eldað í vatnsbaði í lofttæmdum umbúðum. Það er hægeldað við hárnákvæmt hitastig og skilar alltaf jafnri eldun. ANOVA tækin eru hér í afgerandi forystu og enginn fær jafn lofsamlega dóma frá bæði fagfólki og áhugamönnum. ANOVA appið býður upp á rúmlega 1000 uppskriftir og kennslumyndbönd og það er því á allra færi að elda eins og sannur fagmaður með ANOVA.



**FÆST Í ELKO**

**SOUS VIDE**

- Stafrænt viðmót og dælir 8L á mínútu
- Eingöngu gert fyrir Bluetooth 4.0 LE
- 800W og hentar fyrir 7-8 manns
- Stillanlegur hiti á bilinu 25-99°C
- Gert fyrir bæði Android og iOS app

A22220VEU

**19.995**

**SOUS VIDE**

- Stafrænt viðmót og dælir 8L á mín
- Bluetooth 4.0 LE og WiFi tenging
- 900W og hentar fyrir 10-12 manns
- Stillanlegur hiti á bilinu 25-99°C
- Gert fyrir bæði Android og iOS app

A32220VEU

**23.995**

ELKO

GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-ELKO.IS

TILBOÐ
Á VÖLDUM BÍLUM

BÍLALAND BÝÐUR NOKKRA BÍLA Á EINSTÖKUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL Á FRÁBÆRU VERÐI!



www.bilaland.is



RENAULT Talisman 1,6D
Nýsk. 12/2016, ekinn 12 þ.km.
dísil, sjálfskiptur, 6 gírar.
Verð áður: 4.490.000
TILBOÐ 3.890 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11



NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd
Nýsk. 05/2017, ekinn 29 þ.km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 4.990.000
TILBOÐ 4.590 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11



BMW X1 XDrive18d
Nýsk. 04/2017, ekinn 28 þ.km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 4.990.000
TILBOÐ 4.690 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11



RENAULT Kadjar Zen 4wd
Nýsk. 05/2017, ekinn 28 þ.km.
dísil, beinskiptur.
Verð áður: 3.950.000
TILBOÐ 3.590 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11



Range Rover Evoque HSE Dynamic
Nýsk. 02/2016, ekinn 11 þ.km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð 8.990.000
TILBOÐ 7.990 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11



SUBARU Levorg Premium Eyesight
Nýsk. 01/2017, ekinn 8 þ.km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.390.000
TILBOÐ 3.790 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11

bílaland
Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NM85405




Leikvangurinn í Moskvu þar sem Íslendingar mæta Messi og félögum á HM 16. júní á næsta ári. NORDICPHOTOS/AFP

# Helmingi ódýrara að bóka sjálfur ferð á HM

**Aðeins um 3.200 miðar gætu verið eyrnamerktir Íslendingum á hvern leik í Rússlandi. Athugun Fréttablaðsins sýnir að tveggja nátta ferð til Moskvu fyrir tvo, sem þú bókar sjálfur, kostar heldur minna en pakkaferð fyrir einn.**

**FERÐALÖG** Par getur sparað sér meira en 200 þúsund krónur ef það velur að ferðast sjálft til Moskvu á leik Íslands og Argentínu á HM í knattspyrnu næsta sumar, frekar en að kaupa pakkaferð með íslenskri fararstjórn. Þetta leiðir athugun Fréttablaðsins í ljós.

Framkvæmdastjóri KSÍ segir að svo gæti farið að aðeins um 3.200 miðar verði eyrnamerktir íslenskum stuðningsmönnum á leiki Íslands. Ekki sé víst að allir fái miða. Það kann því að vera óvarlegt að bóka ferð án þess að hafa tryggt sér miða áður.

Ísland mætir Argentínu í fyrsta leik á HM í Rússlandi næsta sumar. Leikurinn fer fram laugardaginn 16. júní. Beint flug með WOW air til og frá Moskvu og gisting í tvær nætur á fjögurra stjörnu hóteli kostar tvo einstaklinga um 170 þúsund krónur, samkvæmt athugun Fréttablaðsins. Í þessu felst að ferðalangarnir gista saman í herbergi og hafa heimild til að taka með sér eina stóra tösku í flugið, auk handfarangurs.

Beint flug með WOW air, frá Keflavík til Moskvu í Rússlandi og til baka kostar 61.978 krónur, þegar þetta er skrifað, eða um 120 þúsund fyrir tvo. Flogið út að morgni föstudags og heim að morgni sunnudags. Taska kostar 8.433 krónur og gerum við í þessu dæmi ráð fyrir að par deili einni stórri tösku.

Fjögurra stjörnu hótel í Moskvu eru mörg uppseld helgina sem leikur Íslands og Argentínu fer fram. Mikið framboð er af þriggja stjörnu hótelum sem mörg fá ágætis einkunn notenda á bókunarvefjum.

> En ég ætla að vera bjartsýn á að langflestir sem fari út finni miða á einn eða annan hátt.
>
> Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ



Blaðamaður gat, að morgni mánudags, bókað herbergi á fjögurra stjörnu hóteli, SunFlower Park, fyrir tvo aðfaranætur laugardagsins 16. júní og sunnudagsins 17. júní fyrir samtals 347 dollara. Það gerði hann á bókunarsíðunni hotels.com. Upphæðin samsvarar 35.800 krónum. Samanlagt kostar flug og hótel fyrir tvo því 168 þúsund krónur.

Þær ferðir sem Icelandair hefur selt, þar sem gist er jafn margar nætur, kosta 195 þúsund krónur á mann, ef gist er í tvíbýli, eða 390 þúsund krónur fyrir tvo. Innifalið í slíkri ferð eru þó að auki ferðir til og frá flugvelli í Moskvu og íslensk fararstjórn.

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, segir að íslenskir stuðningsmenn fái 8% miða sem fara í almenna sölu. Völlurinn í Moskvu rúmar 45.360 áhorfendur.

Klara segir að ef 40 þúsund miðar fari í almenna sölu fái íslenskir stuðningsmenn aðeins 3.200 miða. Það er innan við þriðjungur af áhorfendafjölda á Laugardalsvelli. Hún bendir þó á að einhverjir Íslendingar gætu þegar hafa keypt miða í almennri sölu á vef FIFA, þar sem miðasalan fer eingöngu fram. Þá gætu einhverjir fengið miða á síðari stigum miðasölunnar.

„Við erum sammála um að þetta eru fáir miðar,“ segir Klara við Fréttablaðið. „En ég ætla að vera bjartsýn á að langflestir sem fari út finni miða á einn eða annan hátt.“

Í þessu samhengi má benda á að KSÍ er á meðal nokkurra knattspyrnusambanda sem þrýst hafa á FIFA um að fá fleiri miða fyrir sína stuðningsmenn. Hún bendir á að UEFA hafi orðið við slíkri beiðni frá KSÍ og fleirum þegar Evrópumótið fór fram í Frakklandi.

Klara hefur ferðast nokkrum sinnum á vegum sambandsins til Rússlands. Hún segist hafa verið í „vernduðu umhverfi“ í þeim heimsóknum en að hún hafi ekkert séð sem gefi fólki ástæðu til að vera hræddari til við að ferðast til Rússlands en annarra Evrópulanda. Rússum sé auk þess mikið í mun að sýna sínar bestu hliðar á meðan á mótinu stendur.

Klara segir borgina hreinni en Reykjavík en að sagan drjúpi af hverju strái. „Ég myndi senda fjölskylduna mína í skipulagða pakkaferð en þeir sem eru vanir að ferðast ættu ekki að lenda í neinum vandræðum.“

baldurg@frettabladid.is



# 100 ÁRA AFMÆLIS TILBOÐ

得

## Invite

- Margmiðlunartæki með skjá
- Leðurklætt aðgerðastýri fyrir útvarp, hraðastilli og Bluetooth
- USB tengi
- 6 hátalarar
- DAB+ (Digital Audio) útvarpstæki
- LED dagljós
- Regn- og ljósaskynjarar
- Rafdrifnar rúður
- Þokuljós að framan
- Hæðarstillanlegt bílstjórasæti
- 7 SRS loftpúðar
- ASTC spólvörn
- Brekkuaðstoð (Hill Start Assist)
- Rafmagnshandbremsa með sjálfvirkri biðstöðu
- Aflendurheimt á hemlum fyrir rafmótor
- AVAS hljóðviðvörunarkerfi
- Bakkmyndavél
- Samlitir, aðfellanlegir, rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar
- Lyklalaus ræsing
- Skyggðar afturrúður
- Hiti í sætum
- Hraðastillir
- 18" álfelgur 225/55 R18
- App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu
- Tvískipt miðstöð með forhitara



Outlander Invite PHEV 4x4
**4.390.000**
Verðlistaverð: 4.890.000

## Invite+

**Umfram Invite:**

- Smartlink margmiðlunartæki með tengingu fyrir Android Auto og Apple Carplay
- Hiti í stýri
- LED þokuljós
- LED aðalljós
- 360° myndavél




Outlander Invite+ PHEV 4x4
**4.590.000**
Verðlistaverð: 4.990.000

## Intense

**Umfram Invite:**

- MME margmiðlunartæki með íslensku leiðsögukerfi
- Hiti í stýri
- 8 fjarlægðarskynjarar í fram- og afturstuðara
- LED þokuljós
- LED aðalljós
- Neyðarhemlun til varnar aftanákeyrslum
- Fjarlægðartengdur hraðastillir
- Akreinavari
- Aflmissir til varnar árekstri (Ultrasonic Misacceleration Mitigation System)
- Geymsluhólf í toppklæðningu
- 360° myndavél
- Rafdrifinn afturhleri




Outlander Intense PHEV 4x4
**4.890.000**
Verðlistaverð: 5.690.000

## Instyle

**Umfram Invite:**

- MME margmiðlunartæki með íslensku leiðsögukerfi
- Hiti í stýri
- 8 fjarlægðarskynjarar í fram- og afturstuðara
- LED þokuljós
- LED aðalljós
- HID aðalljós með sjálfvirkri hæðarstillingu
- Neyðarhemlun til varnar aftanákeyrslum
- Fjarlægðartengdur hraðastillir
- Akreinavari
- Vöktunarkerfi að aftan (Rear Cross Traffic Alert)
- Blindhornaviðvörun
- Aflmissir til varnar árekstri (Ultrasonic Misacceleration Mitigation System)
- 360° myndavél
- Rafdrifinn afturhleri
- Rafhituð framrúða
- Rockford Fossgate 710W hljómkerfi með 9 hátölurum
- Leðursæti með rafstýringu fyrir ökumann
- Sóllúga



Outlander Instyle PHEV 4x4
**5.290.000**
Verðlistaverð: 6.190.000

Nú fer 100 ára afmælishátíð Mitsubishi að ná hámarki og því höfum við ákveðið að bjóða enn fleiri gerðir af Outlander PHEV á ótrúlegu afmælistilboði. Notaðu tækifærið og skiptu yfir í nýjan Outlander PHEV. Hann gengur bæði fyrir rafmagni og bensíni og kemur með fimm ára ábyrgð. Komdu í reynsluakstur og finndu út hvaða týpa passar þér best. Við hlökkum til að sjá þig!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

MITSUBISHI MOTORS

FYRIR HUGSANDI FÓLK

Verð og tilboðsverð eru háð gengi erlendra gjaldmiðla á hverjum tíma og geta breyst án fyrirvara.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ



# HINSEGINVÆNT SKÓLAKERFI

Opinn fundur mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar
8. desember kl. 08.30 – 10.00 í Ráðhúsi - Tjarnarsal

DAGSKRÁ

**08.30 Setning fundar**
Elín Oddný Sigurðardóttir, formaður mannréttindarráðs Reykjavíkurborgar

**08.40 Hinsegin í skólanum - hvað er það?**
Sólveig Rós, fræðslufulltrúi Samtakanna ´78

**09.00 Ég var ekki einn**
Hafþór Máni Brynjarsson, nemandi Rimaskóla

**09.15 Trans börn og ungmenni á Íslandi**
Sigríður Birna Valsdóttir, fjölskyldu- og leiklistarmeðferðar sérfræðingur

**09.35 Umræður og fyrirspurnir**

Öll velkomin meðan húsrúm leyfir
Léttar veitingar í boði
Fundarstjóri: Magnús Már Guðmundsson

www.reykjavik.is/mannrettindi






Reykjavíkurborg
Mannréttindaskrifstofa



SAFT

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




Innan um frosna kjötskrokka og aðra matvöru má finna bækur í jólapakkann á kostakjörum í Bónus. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Metsölubækurnar ódýrastar í Bónus

**Costco tekur í fyrsta sinn þátt í íslenska jólabókaflóðinu og virðist ætla að veðja á valda metsöluhöfunda fremur en úrval. Bókaverðið er í algjörum sérflokki í Bónus. Framkvæmdastjóra Félags íslenskra bókaútgefenda líst illa á þróunina.**

**NEYTENDUR** Allt að 52 prósenta verðmunur er á bókum í jólabókaflóðinu milli verslana. Bónus er nær undantekningarlaust með lægsta verðið í verðathugun Fréttablaðsins á þrettán völdum bókatitlum í fimm verslunum.

Costco tekur nú þátt í íslenska jólabókaflóðinu í fyrsta sinn. Þar er úrvalið af öðrum toga en hjá öðrum verslunum og aðeins valdir titlar eftir íslenska höfunda fáanlegir.

Framkvæmdastjóri Félags íslenskra bókaútgefenda telur það slæma þróun að matvöruverslanir séu með svo sterka stöðu í jólabókaflóðinu á kostnað heilsársbóksala. Úrvalið einskorðist við metsölubækur.

Forsvarsmenn Costco komu til Íslands í sumar gagngert til að kynna sér íslenska jólabókaflóðið og möguleikann á þátttöku í því. Af samanburði Fréttablaðsins að dæma eru verð Costco samkeppnishæf en þó nokkuð hærri en hjá Bónus.

Þá gefur athugun blaðsins einnig vísbendingar um niðurstöður greiningar forsvarsmanna Costco. Þeir virðast ætla að veðja á titla færra útvalinna og vinsælla höfunda fremur en úrval.

Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu er mesti verðmunurinn í athugun blaðsins á bók Vals Gunnarssonar, Örninn og fálkinn. Bókin er ódýrust í Bónus á 4.598 kr. en dýrust í Hagkaup


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn einelti.




Marcel Padros, gjaldkeri katalónska þingsins, greiddi tryggingu ráðherranna. NORDICPHOTOS/AFP

# Katalónskum ráðherrum sleppt úr gæsluvarðhaldi

**SPÁNN** Sex fyrrverandi ráðherrum katalónsku héraðsstjórnarinnar var sleppt úr gæsluvarðhaldi í gær gegn tólf milljóna króna tryggingu. Tveir eru enn í haldi, fyrrverandi innanríkisráðherrann Joaquim Forn og fyrrverandi varaforseti héraðsstjórnarinnar Oriol Junqueras. Ráðherrarnir höfðu verið í haldi frá því 2. nóvember. Þá eru sjálfstæðisbaráttumennirnir Jordi Sanchez og Jordi Cuixart einnig enn í haldi.

Fyrrverandi héraðsstjórnarmennirnir hafa verið ákærðir fyrir uppreisn gegn spænska ríkinu vegna kosninga sem efnt var til um sjálfstæði Katalóníu í október og sjálfstæðisyfirlýsingar sem undirrituð var í sama mánuði. Gætu þeir átt yfir höfði sér þrjátíu ára fangelsisdóm.

Sexmenningarnir þurfa hins vegar að mæta vikulega fyrir dóm í Katalóníu, þá er þeim óheimilt að fara frá Spáni og hafa vegabréf þeirra verið tekin af þeim. Er þetta gert til að fyrirbyggja að hin ákærðu flýi land eins og fyrrverandi héraðsforsetinn Carles Puigdemont og fjórir fyrrverandi ráðherrar gerðu.

**» Dómari kveður upp úrskurð um mögulegt framsal fyrrverandi forseta héraðsstjórnarinnar 14. desember.**

Puigdemont og ráðherrarnir fjórir mættu fyrir dóm í Brussel, höfuðborg Belgíu, í gær en Spánverjar sækjast eftir framsali þeirra. Lögmaður Puigdemont sagði í gær að úrskurðar væri að vænta 14. desember.

Kosningabarátta fyrir héraðsþingkosningar Katalóníu hefst í dag en spænska ríkisstjórnin boðaði til kosninga eftir að hún leysti upp þingið þann 27. október. Kosningarnar fara fram þann 21. desember og benda kannanir til þess að flokkar aðskilnaðarsinna muni ekki fá hreinan meirihluta. **– þea**




Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar heldur kynningarfund vegna skipulags í Gufunesi

# Ný byggð í Gufunesi

**Fimmtudaginn 7. desember 2017 kl. 17, í Hlöðunni við Gufunesbæ.**

Á fundinum verður kynnt tillaga að nýju skipulagi í Gufunesi, sem stuðlar að fjölbreyttari byggð og starfsemi og styður við og styrkir Grafarvog sem hverfisheild.

Á svæðinu er einkum gert ráð fyrir starfsemi á sviði afþreyingar- og kvikmyndaiðnaðar og þjónustu tengdri slíkri starfsemi. Einnig er gert ráð fyrir íbúðarbyggð og verslun og þjónustu

Þá verða einnig á fundinum kynnt drög að deiliskipulagi að fyrsta áfanga uppbyggingar svæðisins og breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.

*Allir velkomnir!*

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Verðkönnun á bókum þann 4. desember

| | Bónus | Costco | Hagkaup | Penninn/ Eymundsson | A4 | Mesti munur % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Myrkrið veit** Arnaldur Indriðason | | | | | | |
| | 4.469 kr. | 5.199 kr. | 5.299 kr. | 4.999 kr. | 4.989 kr. | 18,5% |
| **Gatið** Yrsa Sigurðardóttir | | | | | | |
| | 4.495 kr. | 4.799 kr. | 4.899 kr. | 4.999 kr. | 4.989 kr. | 11,2% |
| **Skuggarnir** Stefán Máni | | | | | | |
| | 4.495 kr. | 4.799 kr. | 4.599 kr. | 5.599 kr. | 5.589 kr. | 24,5% |
| **Saga Ástu** Jón Kalman Stefánsson | | | | | | |
| | 4.498 kr. | EKKI TIL | 4.999 kr. | 4.499 kr. | EKKI TIL | 11,0% |
| **Heima** Sólrún Diego | | | | | | |
| | 4.595 kr. | EKKI TIL | 5.199 kr. | 5.299 kr. | 5.289 kr. | 15,3% |
| **Passamyndir** Einar Már Guðmundsson | | | | | | |
| | 4.495 kr. | EKKI TIL | 5.299 kr. | 5.599 kr. | EKKI TIL | 24,5% |
| **Sakramentið** Ólafur Jóhann Ólafsson | | | | | | |
| | 4.495 kr. | 5.999 kr. | 4.999 kr. | 4.999 kr. | 4.989 kr. | 33,4% |
| **Örninn og fálkinn** Valur Gunnarsson | | | | | | |
| | 4.598 kr. | EKKI TIL | 6.999 kr. | 6.305 kr. | 6.299 kr. | 52,0% |
| **Þúsund kossar** Jón Gnarr | | | | | | |
| | 4.495 kr. | EKKI TIL | 5.299 kr. | 5.599 kr. | 5.589 kr. | 24,5% |
| **Amma best** Gunnar Helgason | | | | | | |
| | 3.298 kr. | EKKI TIL | 4.899 kr. | 3.999 kr. | 3.989 kr. | 48,5% |
| **Jól með Láru** Birgitta Haukdal | | | | | | |
| | EKKI TIL | EKKI TIL | 1.799 kr. | 1.621 kr. | 1.599 kr. | 12,5% |
| **Þitt eigið ævintýri** Ævar Þór Benediktsson | | | | | | |
| | 3.198 kr. | EKKI TIL | 3.999 kr. | 3.999 kr. | 3.989 kr. | 25,0% |
| **Flóttinn hans afa** David Walliams | | | | | | |
| | 2.998 kr. | EKKI TIL | 3.199 kr. | 2.999 kr. | EKKI TIL | 6,7% |

á 6.999 krónur. Sömuleiðis munar ríflega 48 prósentum á barnabókinni Amma best eftir Gunnar Helgason. Hún kostar 3.298 krónur í Bónus en 4.899 krónur í Hagkaup.

En hvað skýrir þennan mikla mun milli verslana? Það er ekki nýtt að Bónus bjóði lægsta verðið. Þátttaka Bónuss í jólabókaflóðinu hefur löngum verið hefðbundnum bóksölum þyrnir í augum. Benedikt Kristjánsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bókaútgefenda, segir að útgefendur ráði ekki útsöluverði.

„Bóksalarnir mega gefa þetta eða selja undir innkaupsverði ef þeir vilja.“

Benedikt segist þeirrar persónulegu skoðunar að þróunin sé ekki góð. Hún fækki heilsársbóksölum.

„Við þessu er lítið að segja og þetta eykur vafalaust söluna á þessum metsöluhöfundum. En Bónus er aðeins með brot af þeim bókum sem koma út í ár, Costco enn þá minna og þetta bitnar á bóksölum sem þó eru að reyna að selja allar tegundir bóka allt árið, bæði það sem selst lítið og meira.“

Benedikt kveðst ekki vita betur en að Bónus sé með álagningu á bækurnar líkt og aðrir, þótt hún kunni að vera lág.

„Hugsanlega eru útgefendur að gefa þeim meiri afslátt en öðrum í krafti stærðar. En fólk þarf að hafa í huga að þetta eru ekki innkaup sem slík. Verslanir og bókabúðir kaupa það sem þeir selja og skila svo óseldum bókum. Þannig er það því miður orðið. Bónus er til dæmis aðeins með bækur í kringum jólin, fyrir utan kannski einn stand með smábarnabókum. Þeir koma inn í jólabókaflóðið og skila svo afganginum um áramótin. Þeir ætla ekki að lifa á þessu, mín tilfinning er að þetta sé aðdráttarafl fyrir verslunina.“

Könnunin var gerð í gær í Bónus Kauptúni, Costco, Hagkaup í Kringlunni, Pennanum-Eymundsson Kringlunni og á vef A4. Valdar voru skáldsögur eftir þekkta íslenska höfunda, lífsstílsbók Sólrúnar Diego sem slegið hefur í gegn og síðan fjórar barnabækur, þar af ein þýdd, eftir breska metsöluhöfundinn David Walliams.

Á þessum árstíma geta verið miklar sveiflur í verðlagningu verslana á bókum. Dæmi eru um marga titla sem hafa lækkað um hundruð króna síðan fyrir helgi. Ekki er útilokað að verð lækki frekar. **mikael@frettabladid.is**

# Aldarafmæli Laugabúðar fagnað



**Magnús Karel Hannesson**

**SAMFÉLAG** Haldið var upp á 100 ára afmæli Laugabúðar á Eyrarbakka í gær því það var 4. desember 1917 sem Guðlaugur Pálsson kaupmaður hóf verslunarrekstur á Eyrarbakka.

Guðlaugur rak verslunina í 76 ár eða fram í desember 1993, þegar hann lést tæplega 98 ára að aldri.

Fyrsti viðskiptavinur Guðlaugs var sr. Gísli Skúlason á Stóra-Hrauni, sóknarprestur Eyrbekkinga og Stokkseyringa. Sr. Gísli keypti eina litla vasabók á 22 aura.

Í dag er rekin ferðamannaverslun yfir sumarið í Laugabúð. Þar ræður Magnús Karel Hannesson og bregður sér í kaupmannssloppinn. Í tilefni afmælisins opnaði Magnús Karel Laugabúð í gær og rakti sögu verslunarinnar í máli og myndum. **– mhh**







# Kolefnishlutleysi



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Ljóst er að ný ríkisstjórn hefur sameinast um afar metnaðarfulla áætlun í loftslagsmálum. Í stjórnarsáttmála boðar hún 40 prósenta samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda (miðað við árið 1990) fyrir árið 2030 og kolefnishlutleysi í síðasta lagi árið 2040.

Nokkrar þjóðir hafa sett sér sambærileg markmið um kolefnishlutleysi, þar á meðal Svíþjóð og Noregur. Aðeins tvö lönd hafa náð þessum áfanga nú þegar, smáríkin Bútan og Vatíkanið. Þessi markmið fela í sér meiriháttar áskorun sem snertir flesta fleti íslensks samfélags og útheimta samstillt átak ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja.

Eins og staðan er í dag eru þessar hugmyndir óraunhæfar. Ef fram heldur sem horfir gæti losun árið 2030 orðið 53 til 99 prósentum meiri en útstreymi ársins 1990, það er, ef stóriðja er tekin með í reikninginn. Þetta er sviðsmynd sem raungerist ef ekkert verður gert til að uppfylla markmið okkar og loforð um minni losun gróðurhúsalofttegunda.

Fyrr á þessu ári birti Hagfræðistofnun Háskóla Íslands samantekt sína á mögulegum mótvægisaðgerðum til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda. Skýrslan undirstrikar umfang þessa mikla verks sem felst í markmiðum Parísarsamkomulagsins og kolefnishlutleysis.

Ef tekið er mið af þessum mótvægisaðgerðum, sem taka til flestra geira íslensks samfélags, og við höldum uppteknum og máttlausum hætti áfram í landgræðslu og skógrækt, gæti nettóútstreymi ársins 2030 numið 18 prósentum minna en árið 1990. Góður árangur, en hvergi nærri nóg.

Aftur á móti, ef metnaðarfullar mótvægisaðgerðir eru innleiddar og Íslendingar sameinast um róttækar og sögulegar aðgerðir í bindingu þar sem aðgerðahraði í landgræðslu og skógrækt yrði fjórfaldaður, auk endurheimtar votlendis, þá gæti nettóútstreymi ársins 2030 orðið 97 prósentum minna en árið 1990. Í þessu dæmi er horft til þess að framleiðsla járnblendis, áls og kísils fellur innan viðskiptakerfis Evrópusambandsins (ETS).

Stóriðja mun þvælast fyrir í öllum aðgerðum okkar. Sé það markmið okkar að uppfylla markmið Parísarsamkomulagsins eða hugmyndir um kolefnishlutleysi er ljóst að útstreymi frá þeim geira má hvorki aukast, né standa í stað.

Markmið nýrrar ríkisstjórnar eru sannarlega metnaðarfull, en um leið eru þau tímabær og þjóðhagslega skynsöm. Þau eru tímabær að því leyti að Íslendingum ber siðferðisleg skylda til að tryggja afkomendum vistvænt, hreint og byggilegt land, og þjóðhagslega skynsöm að því leyti að í aðgerðum til að sporna við losun gróðurhúsalofttegunda felast hagfelld innri og ytri áhrif, svo sem aukin landgæði, bætt loftgæði og betri heilsa.

Þannig er mikilvægt að innleiða og útfæra þessi markmið sem fyrst, og búa svo um hnútana að sögulega lítilsverðir atburðir eins og ríkisstjórnarskipti tefji ekki þessa vegferð okkar.

**Markmið nýrrar ríkisstjórnar eru sannarlega metnaðarfull, en um leið eru þau tímabær og þjóðhagslega skynsöm.**

Aðalfundur LEK 2017 verður haldinn í Golfklúbbnum Holtagörðum, Holtavegi 10, 104 Reykjavík þriðjudaginn 12. desember kl. 19:30

LEK

Dagskrá aðalfundar.

1. Fundur settur
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Flutningur verkefna LEK yfir til GSÍ/LEK nefndar

4. Aðalfundastörf samkvæmt 14. grein laga LEK
   4.1. Skýrsla formanns.
   4.2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
   4.3. Umræður um skýrslu formanns og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
   4.4. Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna ef einhverjar eru.
   4.5. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
   4.6. Formaður kynnir drög að fyrirhugaðri starfsemi næsta árs ásamt drögum að fjárhagsáætlun.
   4.7. Ákveðin gjöld fyrir næsta starfsár, ef einhver eru.
   4.8. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
   4.9. Kosning endurskoðanda og eins til vara.
   4.10. Önnur málefni ef einhver eru.
5. Fundi slitið

## Halldór




## Frá degi til dags

**Herinn**

**Foreign Policy fjallaði ítarlega um varnarmál á Íslandi í gær og kom þar meðal annars fram að nú biði undirskriftar Bandaríkjaforseta frumvarp um 1,5 milljarða króna fjárveitingu til bandaríska sjóhersins sem á að nýta til að gera endurbætur á flugskýlum hersins hér á landi. Í kjölfarið á að koma fyrir fleiri kafbátaleitarflugvélum og þjónusta þær á Íslandi.**

**Þessar fréttir, sem og umfjöllun Kveiks á RÚV í síðustu viku um varnarmálin, þar sem fram kom að átta af 59 slíkum flugvélum hersins hafi verið hér á landi á sama tíma um stund, gætu verið til þess fallnar að verða ásteytingarsteinn í ríkisstjórnarsamstarfi VG, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, enda hefur fyrstnefndi flokkurinn í stefnu sinni að Ísland segi sig úr NATO og er því ólíklegt að flokkurinn sé sáttur við 1.500 milljóna króna uppbyggingu Bandaríkjahers hér á landi.**

**Sykur**

**Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra sagðist í Fréttablaðinu í gær opin fyrir upptöku sykurskatts á ný. Þótt markmiðið sé gott er spurning hvort framkvæmdin sé rétt, enda bitnar slíkur skattur hlutfallslega verr á hinum tekjulægri. Ef til vill væri skynsamara að lækka skatta á hollari matvöru.**

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Tækifæri og áskoranir í menntamálum



Lilja Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Öflugt menntakerfi er forsenda þess að samfélag okkar haldi áfram að dafna og þróast. Því er lögð á það áhersla í nýjum stjórnarsáttmála að blása til sóknar á þessum vettvangi, efla enn frekar þá þætti sem standa styrkum stoðum og takast á við þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir.

Miklar tækniframfarir eiga sér nú stað og munu til framtíðar hafa áhrif á öll störf, starfshætti og samfélag. Nemendur okkar þurfa að vera í stakk búnir til að takast á við ný störf sem grundvallast á sköpun, færni og hæfni til að leysa vandamál. Mikilvægt er að menntakerfið taki mið af þessum breytingum og myndi hvetjandi námsumhverfi. Þess vegna er lagt mikið upp úr starfsmenntun og nýsköpun í nýjum stjórnarsáttmála til að íslenskt samfélag geti nýtt sér þessa framþróun. Hér verðum við að að skipa okkur í fremstu röð og horfa til ríkja sem standa hvað best er stefnumótun varðar.

Styrkja þarf umgjörð skólakerfisins og stöðu kennara. Yfirvofandi fækkun í kennarastétt er mikil áskorun. Margir kennarar eru að komast á eftirlaunaaldur og margir kjósa að starfa á öðrum vettvangi en í menntakerfinu. Á meðan sækja of fáir í kennaranám. Samfélagið verður að bregðast við þessari þróun. Hvers vegna velja kennarar að starfa við annað en það sem þeir mennta sig til? Hérna þarf að greina orsakir svo unnt sé að bregðast við í samráði við kennara, skólastjórnendur, foreldra og nemendur. Kennaraskortur er reyndar áhyggjuefni víða, t.d. á Norðurlöndunum.

Þegar tekið er mið af reynslu annarra þjóða er margt sem bendir til þess að með skipulegum langtímaaðgerðum verði unnt að bæta stöðu íslensks menntakerfis. Ein lykilforsenda er að hafa áreiðanlegar upplýsingar til þess að geta áttað sig á stöðu mála og dregið ályktanir. Þess vegna hefur verið sett af stað verkefni um ítarlega greiningu á stöðu og þróun menntakerfisins. Meginhlutverk vinnunnar er að styðja skal að auknum gæðum skólastarfs og framförum í þágu samfélagsins. Brýnt er að allt samfélagið taki þátt í þessari vegferð til að vel takist.

**Yfirvofandi fækkun í kennarastétt er mikil áskorun.**

FRÉTTABLAÐIÐ ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Um súlur og höfuð sem stungið er í sandinn



**Helgi Þorláksson**
sagnfræðingur

Í fésbókarfærslu sakar Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur einhverja andstæðinga hótelbyggingar í Víkurgarði um að „fara rangt með staðreyndir, villa fyrir um og stinga höfðinu í sandinn við öllu því sem er rétt og staðreynd í þessu máli“. Hún sakar þá um uppspuna og sinnuleysi um fornminjar.

Við sem köllum okkur Varðmenn Víkurgarðs munum vera meðal þeirra sem eiga að taka þetta til sín. Við erum fimm félagar og höfum skrifað greinar gegn áformum um að reisa hótel í hinum forna kirkjugarði Reykjavíkurkirkju sem við köllum Víkurgarð og eigum þá við allan hinn gamla garð að austustu mörkum. Svar okkar við þessu er í stuttu máli það að við höfum aldrei hafnað neinum fornleifafræðilegum niðurstöðum Völu.

**Við fimmmenningar teljum að virða eigi lög um kirkjugarða (36/1993, sbr. eldri lög) þar sem segir að ekki skuli reistar byggingar í niðurlögðum kirkjugörðum heldur skuli nota þá sem almenningsgarða. Það er fáheyrt að ætla að reisa veraldlega byggingu í kirkjugarði frá seinni tíð, m.a.s. stóra hótelbygginguna.**

Fréttablaðið spurði Völu hvað það væri sem við færum rangt með og birti svar hennar 24.11. sl. Hún taldi að það væri helst tvennt. Annað var það að við segðum að viðbygging frá 1967 við Landsímahúsið væri reist á súlum. Ekki kannast ég við að við höfum lagt neina áherslu á þetta, man ekki einu sinni til að félagar mínir hafi drepið á þetta í greinum.

En hvað mér við kemur, ég ritaði grein í ágúst sl. og vísaði í frétt Morgunblaðsins frá 13. desember 1966 þar sem sagði um fyrirhugaða viðbyggingu, „... við gröft fyrir súlum verður að gæta þess sérstaklega að raska ekki líkamsleifum ...“ Hér eru súlur nefndar. Í grein minni í ágúst sl. reifaði ég kjarnann í frétt blaðsins frá 1966 og bætti við: „Grafið skyldi varlega fyrir súlum byggingarinnar og mátti ekki raska líkamsleifum sem kynnu að koma í ljós, eins og segir í dagblaði.“ Ekki lýsti ég neinum skoðunum á því að húsið stæði í reynd á súlum. Núna fullyrðir Vala í Fréttablaðinu 24.11. að húsið hafi ekki verið reist á súlum og mér dettur ekki í hug að andæfa.

Hitt atriðið sem við förum rangt með að mati Völu er það að við höldum fram að undir gólfi viðbyggingar Landsímahússins séu jarðneskar leifar fólks. Í tillögu sem Póstur og sími lagði fram 16.11. 1966 og skipulagsnefnd kirkjugarða felldi sig við „eftir atvikum“ segir um svæði hins gamla kirkjugarðs sem lenda skyldi undir gólfi viðbyggingarinnar, „... óþarft er að hrófla nokkuð við hvíldarstöðunum sjálfum þar undir.“ Á uppdrætti sem fylgdi sést hvaða þekktar grafir myndu lenda undir gólfinu. Niðurstaðan var að leyfa ekki gröft fyrir kjallara undir gólfinu, til að hlífa gröfunum.

Ég benti á þetta á fundi 7. september sl. og heyrði þá Völu í fyrsta sinn segja, og hún fullyrti beinlínis, að ekki væru jarðneskar leifar undir gólfinu. Samkvæmt þessu var að engu höfð lausn sú sem Póstur og sími lagði til 1966, og leiddi til niðurstöðu eftir deilur. Það þykir mér reyndar undarlegt. Ég treysti mér ekki til að hafna niðurstöðu Völu um þetta en bendi á að forsvarsmenn Borgarsögusafns telja í umsögn frá 6.10. sl. viðbúið að grafir séu enn undir gólfinu. Ber að hvetja til varkárni, ef gólfið verður brotið og þar undir verður grafið fyrir kjallara eins og til stendur að leyfa.

Við fimmmenningar teljum að virða eigi lög um kirkjugarða (36/1993, sbr. eldri lög) þar sem segir að ekki skuli reistar byggingar í niðurlögðum kirkjugörðum heldur skuli nota þá sem almenningsgarða. Það er fáheyrt að ætla að reisa veraldlega byggingu í kirkjugarði frá seinni tíð, m.a.s. stóra hótelbyggingu.








BOSCH
Hrærivél
MUM 4405
Hrærir, hnoðar og þeytir.
Fyrirferðalítil. 500 W.
Jólaverð:
12.900 kr.
Fullt verð: 17.900 kr.



BOSCH
Matvinnsluvél
MCM 3110W
800 W. Tætir, sneiðir og rífur.
Örugg í notkun: Fer aðeins í gang þegar lok er í læstri stöðu.
Jólaverð:
8.900 kr.
Fullt verð: 12.900 kr.



SIEMENS
Espressó-kaffivél
TI 313219RW
Einföld í notkun. Bruggar og útbýr helstu kaffidrykki með einum hnappi. Hraðvirk upphitun. Kaffikvörn úr keramík. Skjár með texta. Þrýstingur: 15 bör.
Jólaverð:
84.900 kr.
Fullt verð: 109.900 kr.



BOSCH
Ryksuga, Free'e
BSGL 5400
Orkuflokkur A. Útblástur A. Parkett og flísar, flokkur A. Teppi, flokkur B. Hljóð: 74 dB. ULPA-sía. Vinnuradíus: 15 metrar.
Jólaverð:
33.900 kr.
Fullt verð: 44.900 kr.



SIEMENS
Veggofnar
HB 437GCW0S (hvítur), iQ500
HB 437GCB0S (svartur), iQ500
Með stóru 71 lítra ofnrými.
Sjö hitunaraðgerðir.
3D-heitur blástur. Hraðhitun.
LCD-skjár. Kjöthitamælir.
Tíu matreiðslutillögur.
Hreinsiplata í bakhlið.
Jólaverð:
89.900 kr.
Fullt verð: 119.900 kr.



BOSCH
Uppþvottavél
SMU 46CW01S, Serie 4
13 manna. Sex kerfi. Þrjú sérkerfi, þar á meðal tímastytting og kraftþurrkun.
Hljóð: 46 dB. „AquaStop“-flæðivörn.
Jólaverð:
67.900 kr.
Fullt verð: 84.900 kr.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is







Tiger fagnaði öllu sem gekk upp um helgina innilega og þeir voru ansi margir sem fögnuðu með honum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Tígurinn getur enn bitið

**Endurkoma Tigers Woods var miklu betri en bjartsýnustu menn þorðu að vona. Hann spilaði þrjá frábæra hringi á Bahamaeyjum og minnti golfheiminn á að hann er ekki búinn að vera. Því fagna golfáhugamenn.**

GOLF Tiger Woods átti enn eina endurkomuna í golfheiminn í síðustu viku. Sú níunda í heildina en heilsufar þessa frábæra kylfings hefur ekki verið gott síðustu ár og hann hefur þurft að fara í fjórar bakaðgerðir.

Þetta var hans fyrsta mót síðan í febrúar en hann hefur lítið getað spilað síðustu þrjú ár vegna þrálátra bakmeiðsla. Svo slæm voru meiðslin að Tiger átti um tíma erfitt með að komast fram úr rúminu og fór í lengri tíma ekki út úr húsi.

Tiger spilaði tvo hringi upp á 68 högg, einn hringinn fór hann á 69 og vondi hringurinn var upp á 75 högg. Hann endaði í níunda sæti á móti þar sem átján toppkylfingar tóku þátt.

### Um tíma efstur á mótinu

Hann hélt sínu gegn þeim bestu og rúmlega það. Tiger var um tíma efstur á mótinu. Það sem mestu máli skiptir er að hann virðist hafa komist í gegnum mótið án þess að finna til eymsla. Ef hann segir satt frá gæti þetta verið upphafið að einhverju góðu hjá Tiger.

„Ég er mjög spenntur því svona hef ég verið að slá upp á síðkastið. Heimurinn er allt öðruvísi núna en hann var hjá mér fyrir fimm dögum,“ sagði brosmildur Tiger eftir mótið en skorið var ekki bara gott heldur sýndi hann oft geggjuð tilþrif og upphafshöggin voru löng.

„Ég vissi að það yrði ekkert mál að spila hringi. Það sem ég hafði áhyggjur af var skorið og hvernig mér myndi líða á vellinum. Hvernig venst ég því að vera með adrenalínið á fullu aftur? Það tók smá tíma að venjast því.“

Fyrsta risamót næsta árs er Masters í byrjun apríl og Tiger hefur ekki ákveðið hvernig hann hagar undirbúningi fyrir mótið.

„Ég þarf að spila nóg en ekki of mikið. Ég veit ekki alveg hver besta leiðin er núna en ég mun átta mig á því.“

Það sem sérfræðingar hafa helst gagnrýnt hjá Tiger á Hetjumótinu er að stutta spilið var á stundum alls ekki nógu gott. Hann gerði flest mistök í vippunum sínum og

> **Heimurinn er allt öðruvísi núna en hann var hjá mér fyrir fimm dögum.**
>
> Tiger Woods

ef hann nær ekki ryðinu af stutta spilinu mun hann ekki vinna nein mót næstu mánuðina.

„Ég er svolítið svekktur með járnin hjá mér og ég er líka svolítið hissa á hversu löng upphafshöggin voru. Ég veit núna hverju ég þarf að vinna betur í og mun gera það,“ sagði Tiger.

### Allir fylgdust með

Þessi endurkoma var miklu betri en allir áttu von á og hún gladdi marga golfáhugamenn. Það er einfaldlega þannig að það er enginn sem vekur eins mikinn áhuga á íþróttinni og Tiger. Þeir voru ansi margir sem horfðu aftur á golf um helgina. Tennisstjarnan Rafael Nadal var meira að segja mætt á mótið og labbaði með Tiger. Það segir sína sögu.

Aðdáendur Tigers dreymir enn um að hann nái fyrri styrk og fari að vinna mót reglulega á nýjan leik. Þessi endurkoma kveikir þá von þó svo þetta hefðu verið aðeins fjórir hringir en þetta var svo sannarlega skref í rétta átt. Tiger hefur ekki unnið golfmót síðan árið 2013 og hann þarf að taka fleiri framfaraskref á nýju ári ef titlunum á að fjölga.

Áður en fór að halla undan fæti hjá Tiger hafði hann unnið fjórtán risamót og margir héldu að það yrði formsatriði að jafna met Jacks Nicklaus sem vann átján risamót.

Á næsta ári verða liðin tíu ár frá því þessi magnaði kylfingur vann síðast risamót og ef heilsan verður í lagi gætu ævintýri Tígursins haldið áfram á næsta ári. Hann er farinn að bíta aftur frá sér.

henry@frettabladid.is

## Nýjast

### Domino's-deild karla

**KR - Tindastóll 97-69**

**Stigahæstir: KR:** Brynjar Þór Björnsson 33, Björn Kristjánsson 18/6 stoðsendingar, Jalen Jenkins 12/9 fráköst, Pavel Ermolinskij 8/7 stoðsendingar, Kristófer Acox 8/12 fráköst - **Tindastóll:** Sigtryggur Arnar Björnsson 22, Brandon Garrett 11, Helgi Rafn Viggósson 10 , Björgvin Hafþór Ríkharðsson 9/11 fráköst, Viðar Ágústsson 7.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| ÍR | 14 | Valur | 8 |
| Tindastóll | 14 | Stjarnan | 8 |
| Haukar | 12 | Grindavík | 8 |
| KR | 12 | Þór Þ. | 6 |
| Keflavík | 12 | Þór Ak. | 4 |
| Njarðvík | 10 | Höttur | 0 |

### KSÍ VILL MEIRA EN ÁTTA PRÓSENT MIÐA Á LEIKI ÍSLANDS

Miðasala á leiki Íslands á HM í Rússlandi hefst í dag en svo gæti farið að færri íslenskir fótboltaáhugamenn geti fengið miða en vilja. Að þessu sinni er miðasalan opin frá því í dag og út janúarmánuð. Nú er ekki um að ræða „fyrstur kemur, fyrstur fær“ heldur er þetta í raun happdrætti. Ef miðaumsóknir verða fleiri en fjöldi miða verður dregið af handahófi. Knattspyrnusamband Íslands á rétt á átta prósentum miða í boði á leikina þrjá í riðlakeppninni sem eru á móti Argentínu (16. júní), Nígeríu (22. júní) og Króatíu (26. júní). Það eru í kringum 3.600 miðar. KSÍ segir frá því á heimasíðu að íslenska sambandið, ásamt öðrum þjóðum, hafi verið í sambandi við FIFA og beðið um að þetta hlutfall verði hækkað.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.00 | Man. Utd - CSKA | Sport 2 |
| 19.15 | Meistaramessan | Sport |
| 19.40 | Barcelona-Sporting | Sport 3 |
| 19.40 | Chelsea-Atletico | Sport 4 |
| 19.40 | Bayern - PSG | Sport 5 |
| 21.45 | Meistaramörkin | Sport |

**Olís-deild kvenna**

| | | |
|---|---|---|
| 20.00 | Haukar - Grótta | |





# EKKI BARA GÆÐI

## SMÍÐABUXUR
### PEYSA Í KAUPBÆTI



Sígildar vinnubuxur sem eru hannaðar til að auka skilvirkni við störf. Á álagsstöðum er þrefaldur saumur sem gerir þær svo slitsterkar að við getum boðið æviábyrgð á saumunum.

PEYSA Í KAUPBÆTI



15.799 m/vsk

## ÖRYGGIS-GLERAUGU



1.690 m/vsk
Fullt verð 2.339

## PRJÓNA-HÚFA



1.190 m/vsk
Fullt verð 1.590

## ÖRYGGIS-SKÓR




14.900 m/vsk
Fullt verð 19.900

## ÖRYGGIS-SKÓR
GORE-TEX




15.900 m/vsk
Kynningarverð

## VINNU-BUXUR



PEYSA Í KAUPBÆTI



13.329 m/vsk

## HETTUPEYSA FÓÐRUÐ



HÚFA Í KAUPBÆTI



14.595 m/vsk

## SOFTSHELL-PEYSA



BELTI Í KAUPBÆTI



16.900 m/vsk

## VETRAR-JAKKI



HÖFUÐLJÓS Í KAUPBÆTI



24.603 m/vsk

## GALLABUXUR
Wrangler®



Slim tapered fit.
Stretchbuxur með lágri ísetu.
1 litur.

9.900 m/vsk
Fullt verð 14.995

www.sindri.is | sími 567 6000
Skútuvogi 1, Reykjavík
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi

SINDRI VINNUFÖT



✝

Ástkær faðir minn,
afi, bróðir og mágur,

**Ómar Daníel Bergmann**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans
föstudaginn 1. desember sl.

**Regína Unnur Margrétardóttir**
**Helgi Daníel Eysteinsson**
**Margrét Áslaug Eysteinsdóttir**
**Börkur Bergmann** **Ginette Guillard**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Hlöðver Oddsson**
offsetprentari,
Sóleyjarima 21,

lést laugardaginn 25. nóvember á
Landspítalanum við Hringbraut.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn
7. desember kl. 13.

**Birna Júlíusdóttir**
**Kristján Hlöðversson** **Þórdís Ívarsdóttir**
**Guðríður Hlöðversdóttir** **Magnús Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

**JÓN JÓNSSON**
rafvirki,
Birtingakvísl 28,

lést 16. nóvember á sjúkrahúsi í
Kristiansand, Noregi. Útförin fer fram
frá Akraneskirkju föstudaginn 8. desember klukkan 13.

**Guðbjörg Elísdóttir**
**Margrét Jónsdóttir** **Heine Eik**
**Unnur Aðalheiður Jónsdóttir** **Jón Ásgeir Valsson**
**Elísa Jónsdóttir** **Þorsteinn Hreinsson**
**Karen Eva, Marcus Heine, Gabriella Sól, Kristofer Erik,**
**Aría Ósk, Aron Jón**

---


*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**


---





*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti
undirbúnings og framkvæmd
útfarar ásamt vinnu við dánar-
bússkiptin. Við þjónum með
virðingu og umhyggju að
leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**


---



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, dóttir, systir og amma,

**Kristín Kristjánsdóttir**
félagsliði,

sem lést á heimili sínu í Glostrup,
Danmörku, verður jarðsungin frá
Digraneskirkju fimmtudaginn
7. desember klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hennar er
bent á Hollvini Grensásdeildar LSH.

**Kristján Viðar Bárðarson**
**Ágúst Viðar Kristjánsson** **Díana R. Rúnarsdóttir**
**Hanna Maggý Kristjánsd.** **Konráð Skarphéðins**
**Hjalti Snær Kristjánsson**
**Ísfold Aðalsteinsdóttir**
**systur og barnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Marta Kristín Stefánsdóttir**
frá Heiði í Mývatnssveit,

lést á heimili sínu, Krummahólum 8,
þann 1. desember 2017.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju
mánudaginn 11. desember kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem
vilja minnast hennar er bent á að láta Hjartavernd njóta.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Björg Wessing**
**Lars Wessing**
**Sigrún Sigurðardóttir** **Vignir Ólafsson**
**Rebekka Sigurðardóttir** **Jósef Smári Ásmundsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn og faðir
okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Sigurðsson**
bifvélavirki,
Bogahlíð 2,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu
Grund Reykjavík þann 22. nóvember
síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins
látna. Hjartans þakkir færum við starfsfólki Grundar fyrir
góða umönnun.

**Þóra Þórarinsdóttir**
**Hrefna**
**Kristveig**
**Guðrún Þóra**
**Soffía Alice**

---



✝

Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Brynhild Larsen**
Lönguhlíð 11, Akureyri,

lést á öldrunarheimilinu Hlíð
föstudaginn 1. desember.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Guðrún, Jóhannes og Júlíus Larsen**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu
okkur hlýhug og vináttu við andlát
og útför hjartkærs eiginmanns míns,
föður okkar, tengdaföður,
afa og langafa,

**Steinars Guðjónssonar**
bóksala og bókaútgefanda.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á
hjúkrunarheimilinu Mörk og Sólvangi fyrir góða umönnun
og hlýhug.

**Elsa Pétursdóttir**
**Björg Steinarsdóttir** **Gísli Viðar Guðlaugsson**
**Rakel Steinarsdóttir**
**Bryndís Steinarsdóttir** **Hermann Hermannsson**
**Sigurbjörn Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

Yndisleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Margrét Árnadóttir**
frumkvöðull og hönnuður
frá Hánefsstöðum í Seyðisfirði,

lést á Landspítalanum þann
24. nóvember. Útförin fer fram frá
Kópavogskirkju fimmtudaginn
7. desember klukkan 15.00.

**Valgeir Guðjónsson** **Ásta Kristrún Ragnarsd.**
**Guðrún Arna Guðjónsdóttir**
**Sigríður Anna Guðjónsdóttir** **Ragnar Marteinsson**
**Árni Tómas, Bjarni Þór, Margrét, Edda Björk, Ragnheiður,**
**Arnar Tómas, Guðjón, Vigdís Vala,**
**tengdabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg systir okkar,

**Kristín M. Hermannsdóttir**
(Didda)

lést á Hrafnistu Reykjavík
20. nóvember. Útförin hefur farið
fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Þökkum starfsfólki Hrafnistu fyrir
umönnun og hlýhug í veikindum hennar.

**Systkini hinnar látnu**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Hjördís Hjörleifsdóttir**
Stafnaseli 4, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild LSH
við Hringbraut miðvikudaginn
29. nóvember sl.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Ástþóra Kristinsdóttir** **Magnús Eiríksson**
**Anton Á. Kristinsson** **Helga Sveinsdóttir**
**Hjörleifur Kristinsson** **Bára Hafsteinsdóttir**
**Kristinn Á. Kristinsson** **Hrund Grétarsdóttir**
**Hulda S. Kristinsdóttir** **Jón Ólafur Jóhannesson**
**börn og barnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Theodór Þorvaldsson**

lést 27. nóvember sl. Jarðarförin
fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík
föstudaginn 8. desember kl. 13.00.

**Hlíf Leifsdóttir**
**Katrín S. Theodórsdóttir** **Magnús Hilmarsson**
**Björg Theodórsdóttir** **Jóhannes Mar Jóhannesson**
**Karen H. Theodórsdóttir** **Jörgen Árni Albertsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Trausti Einarsson**
byggingarmeistari,
Steinási 29,
Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja,
þriðjudaginn 28. nóvember. Útförin fer fram frá
Ytri-Njarðvíkurkirkju, föstudaginn 8. desember kl. 13.

**Einar Tryggvi Traustason** **Sigríður Margrét Þorkelsdóttir**
**Ástríður Vigdís Traustadóttir** **Guttormur Björn Þórarinsson**
**Torfi Smári Traustason** **Sigfríður Sigurgeirsdóttir**
**Trausti Már Traustason** **Elísabet Gallagher**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og
útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða
hringja í síma 512 5000.

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 5. DESEMBER 2017




**Baldur Arnar Hlöðversson er rallý-ökumaður og er á leið í norskan rallýskóla.** →6

ENZYMEDICA.

Söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum






Búið er að stórbæta alla aðstöðu fyrir sundgesti og segir Steinþór hana til mikillar fyrirmyndar. MYND/ERNIR

# Ný útisundlaug í hjarta borgarinnar

Ný og glæsileg útisundlaug við Sundhöll Reykjavíkur hefur verið opnuð. Laugin er 25 metra löng og með fjórum brautum. Á útisvæðinu er góð vaðlaug fyrir börn, stór nuddpottur, kaldur pottur og eimbað. Steinþór Einarsson hjá ÍTR á von á því að sundgestir verið ánægðir með nýju útilaugina sem beðið hefur verið eftir. →2

Framhald af forsíðu ➪

Sundhöll Reykjavíkur var opnuð á ný um helgina eftir gagngerar endurbætur. Stærsta breytingin er sú að búið er að taka í notkun 25 metra útisundlaug með fjórum brautum og bæta við stórum, heitum nuddpotti og flottri vaðlaug fyrir börn. Stóri potturinn er undir suðurhlið, þar sem sólar nýtur yfir daginn og útisvæðið er allt skipulagt þannig að byggingar og veggir myndi sem mest skjól,“ segir Steinþór Einarsson, skrifstofustjóri rekstrar og þjónustu Íþrótta- og tómstundasviðs Reykjavíkur.


Lengi hefur verið beðið eftir útisundlaug við Sundhöll Reykjavíkur. MYNDIR/ANTON BRINK

## Stórbætt aðstaða

Búið er að stórbæta alla aðstöðu fyrir sundgesti og segir Steinþór hana til mikillar fyrirmyndar. „Það sem skiptir mestu máli er að það er búið að færa alla aðstöðu til nútímalegra horfs. Nýr kvennaklefi er á neðri hæð nýbyggingar, stiginn niður í hann er breiður og það er búið að koma fyrir lyftu svo allt aðgengi er orðið miklu betra en áður. Aðstaða fyrir fatlaða er eins og best verður á kosið, búið er að sérbúa klefa og aðgengið er verður vart betra,“ segir Steinþór og nefnir að á útisvæðinu séu nú flottir útiklefar fyrir þá sem kjósa slíka aðstöðu.

## Eimbað og kaldur pottur

„Svo er búið að bæta við stóru og flottu eimbaði á útisvæðinu og innan skamms bætist við þurrgufa á efri hæð við gömlu pottana. Við hliðina á eimbaðinu er nýr kaldur pottur sem er steyptur frá grunni og að mínu mati einn flottasti kaldi pottur landsins,“ segir Steinþór.

Um helgina var formleg opnun á nýju útilauginni og komu margir fastagestir Sundhallarinnar að skoða herlegheitin og segir Steinþór samdóma álit allra að laugin sé sérlega vel heppnuð. „Það hefur líka tekist einstaklega vel að tengja nýja mannvirkið við það gamla. Mig langar líka sérstaklega að nefna að gjörbylting er á afgreiðslunni og allri aðstöðu þar og hægt að setjast niður, njóta veitinga og horfa út á laugarsvæðið.“

## Lengri opnunartími

Sundhöll Reykjavíkur er opin frá kl. 6.30-22 á virkum dögum og frá kl. 8.00-22 um helgar. „Fólk getur komið í sund áður en það fer til vinnu eða í skólann og svo er hægt að vera í sundi langt fram eftir kvöldi. Þetta er sami opnunartími og í Laugardalslauginni,“ segir Steinþór.

Sundhöll Reykjavíkur við Barónsstíg er ein af þekktari byggingum landsins og um leið sú bygging sem margir telja eina þá bestu frá hendi Guðjóns Samúelssonar, arkitekts og þáverandi húsameistara ríkisins. Sundhöll Reykjavíkur var vígð 23. mars 1937 og á því 80 ára afmæli um þessar mundir.

„Lögð var áhersla á að form og fyrirkomulag viðbyggingarinnar tæki mið af þessu þannig að aðalbyggingin nyti sín sem best um leið og til yrði samstæð heild. Laugargólf nýs útisvæðis er hæð neðar en aðkoma frá Barónsstíg, með þessu móti er suðurhlið aðalbyggingar að mestu óbreytt og verður vel sýnileg frá götunni vegna þess hve langhliðar nýbyggingar eru gagnsæjar. Léttleiki var í fyrirrúmi við mótun viðbyggingar og hæð og hlutföll, bæði flata og glugga, laga sig að eldri lágbyggingu,“ segir Steinþór.

Umhverfisvottuð byggingarefni voru notuð eftir föngum, innlend þar sem því var við komið, og þess gætt að viðhaldsþörf yrði í lágmarki. Byggingin verður umhverfisvottuð af bresku rannsóknarstofnuninni í byggingariðnaði, BREEAM, og er fyrsta verkefni Reykjavíkurborgar sem hlýtur þá vottun, að sögn Steinþórs.

## Hönnun og framkvæmdir

VA arkitektar ehf. eru aðalhönnuðir hússins, verkfræðistofan Verkís sá um alla verkfræðihönnun og um lóðarhönnun sáu VA arkitektar ehf. Aðalverktaki og stýriverktaki var Ístak ehf.


Útisundlaugin er 25 m löng með fjórum brautum. Allt útisvæðið miðar að því að hafa sem mest skjól fyrir veðri og vindum.


Afgreiðslan hefur tekið gjörbreytingum.


Á útisvæðinu eru tveir heitir pottar.


Góð aðstaða er í útiklefunum.


Kvennaklefinn er rýmri og aðstaða betri.


Nú geta allir krakkar leikið sér í nýju vaðlauginni.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Nýjar og endurútgefnar bækur eftir

## Hugin Þór Grétarsson




Ó ó Líó er gamansöm bók fyrir yngstu vandræðagemsana. Líó litli er að læra á heiminn enda er svo margt að varast, svo margt sem ekki má. En þá er líka gott að eiga yndislega fjölskyldu. Spjaldabók með mjúkri kápu.






Loksins, loksins! Hér er fundin fullkomin lausn til að koma börnum í háttinn! Teljum kindur. Þá geta foreldrar farið að gera eitthvað skemmtilegra en að sinna börnunum sínum, t.d. glápa á sjónvarpsseríu..




Við kynnum til leiks Brandara og gátur 2. Með þessa í jólapakkanum ábyrgjumst við hlátur og gleði yfir jólin.

## Léttlestrarbækur




Í léttlestrarbókunum er unnið með forvitni barna. Getur Kata klára allt? Af hverju heldur kisi að hann sé fugl? Eru draugar til? Bækurnar eru stuttar og börn fyllast sjálfstrausti og ánægju með eigin árangur þegar þeim tekst að klára heila bók.

## Bækur með boðskap




Blómlegt fjölskyldulíf er stuðningsrit fyrir skilnaðarbörn. Bókin er verkfæri til að vinna með tilfinningar og þær breytingar sem verða í lífi barns þegar foreldrar þess skilja.




Verum við sjálf! Samfélagið reynir að segja öllum hvernig þeir eigi að vera, en þá er mikilvægt að hafa trú á sjálfum sér og þor til að vera maður sjálfur.




Ormur gutti fær að heyra af lífi litla indjánans og að þrátt fyrir að margt sé ólíkt með þeim, er engu að síður svo margt sem þeir eiga sameiginlegt. Gagnleg bók til að ræða fjölmenningu.




### Jólaþrautir

Skemmtileg þrauta- og litabók um jólasveinana. Sveinarnir skemmta börnum yfir hátíðirnar og dansa með þeim í kringum jólatré. Þessi bók er frábær gjöf í skóinn.

Óðinsauga

# Losnaði við appelsínuhúð

Heilsa og útlit, Hlíðasmára 17, sérhæfir sig í meðferðum sem bæta líðan, heilsu og útlit. Lilja Ingvadóttir, einkaþálfari og keppandi í fitness, hefur náð góðum árangri í baráttunni við appelsínuhúð.

Lilja æfir fitness og starfar sem einkaþjálfari í Sporthúsinu með tilheyrandi álagi á líkamann. Hún segist alltaf hafa verið í baráttu við appelsínuhúð. „Ég hef farið í spm-meðferð hjá Heilsu og útliti sem gengur út á sogæðanudd með þrýstingsvélum fyrir læri, maga og upphandleggi. Þessi meðferð losar um stíflur í líkamanum auk þess sem hún styrkir hann og húðin verður stinnari. Meðferðin virkar fullkomlega. Strax eftir fyrstu skiptin sá ég mikinn mun á húðinni og er virkilega ánægð með árangurinn. Það er í raun ótrúlegt hvað þetta virkar vel,“ segir Lilja sem hefur farið tvisvar í viku í sogæðanuddið. „Manni líður frábærlega vel eftir meðferð og ég get mælt hundrað prósent með henni. Ég gæti trúað að flest allir fullorðnir hefðu gott af þessari meðferð því hún örvar sogæðakerfið og hreinsibúnaðinn í líkamann. Þeir sem eru með sogæðavandamál ættu hiklaust að prófa. Örugglega líka gott fyrir þá sem þjást af vefjagigt,“ segir Lilja.

Hún hefur einnig farið í vafningsmeðferð hjá Heilsu og útliti.


Lilja Ingvarsdóttir hefur miklu stinnari húð og er laus við appelsínuhúð eftir meðferð hjá Heilsu og útliti. MYND/STEFÁN

„Þá er maður vafinn inn í sérútbúið plast og hitateppi sem gerir það að verkum að maður svitnar mikið. Þetta er algjör slökun og gerir manni sérstaklega gott. Til dæmis slaknar á öllum vöðvum í meðferðinni og gerir hún húðina mjúka og fallega.“

Lilja tekur þátt í Arnold Classic Fitness keppninni í mars og undirbúningur er í fullum gangi. Meðferðin hjá Heilsu og útliti er liður í því. „Ég er 46 ára og það er mikilvægt fyrir mig að fá húðina góða fyrir keppnina,“ segir Lilja. „Heilsa og útlit er líka með sérstaka meðferð fyrir fólk sem hefur lent í slysi eða á við einhver meiðsl að stríða. Sú meðferð er mjög árangursrík fyrir þá sem eru með gigt,“ segir Lilja og bætir við að sonur hennar hafi fengið góðan bata í Vacu Sport tækinu eftir skurðaðgerð.

Heilsa og útlit býður upp á fjölbreytt úrval meðferða sem miða allar að því að auka lífsgæði og heilbrigði. Hægt er að skoða meðferðir sem eru í boði hjá Heilsu og útliti á heimasíðunni heilsaogutlit.is eða fá upplýsingar í síma 562-6969.

# Mótefni við mígreni lofa góðu

Prófanir á nýjum mótefnum við mígreni lofa góðu. Þau virðast geta fækkað köstum verulega og dregið úr alvarleika þeirra. Frekari rannsóknir þarf til að meta áhrifin betur.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@365.is



Tvær klínískar rannsóknir hafa farið fram nýlega á tveimur ólíkum mótefnum við mígreni. Í annarri þeirra fækkaði köstum um helming hjá um 50% þátttakenda. Frekari rannsóknir þarf til meta langtímaáhrifin.

**Rannsóknir hafa sýnt að efni í heilanum, sem er skammstafað CGRP á ensku, tengist bæði sársaukanum og viðkvæmninni fyrir ljósi og hljóði sem fylgir mígreni. Meðferðin snýst um að láta mótefni breyta virkni CGRP.**

## Ný nálgun

Rannsóknir hafa sýnt að efni í heilanum, sem er skammstafað CGRP á ensku, tengist bæði sársaukanum og viðkvæmninni fyrir ljósi og hljóði sem fylgir mígreni. Meðferðin snýst um að láta mótefni breyta virkni CGRP.

Fjögur lyfjafyrirtæki keppast nú við að þróa mótefni sem gera CGRP óvirkt. Sum gera það með því að slökkva á efninu sjálfu, á meðan önnur slökkva á hluta af heilafrumu sem efnið hefur áhrif á. Klínískar rannsóknir á tveimur af þessum mótefnum hafa nú verið birtar í ritrýnda læknisfræðitímaritinu New England Journal of Medicine, einu elsta og virtasta læknisfræðitímariti heims.

## Mikið færri köst

Mígreni skiptist í tvær ólíkar megingerðir, þrálátt mígreni og mígreni sem kemur í köstum. Ef fólk fær mígreni sjaldnar en 15 daga í mánuði er það skilgreint sem mígreni í köstum en ef fólk fær það oftar er það skilgreint sem þrálátt mígreni.


Mígrenihöfuðverkir geta verið mjög tíðir og eyðilagt heilu dagana hjá fólki. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

Mótefnið erenumab frá lyfjafyrirtækinu Novartis var prófað á 955 sjúklingum sem fá mígreni í köstum. Í byrjun rannsóknarinnar fengu sjúklingarnir mígreni átta daga í mánuði að meðaltali. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að 50% þeirra sem voru sprautaðir með mótefninu fengu helmingi færri köst í mánuði, á meðan 27% fengu svipuð áhrif án meðferðar, sem endurspeglar eðlilegar sveiflur sjúkdómsins.

Annað mótefni, fremanezumab, frá lyfjafyrirtækinu Teva, var prófað á 1.130 sjúklingum með þrálátt mígreni. Um 41% sjúklinga fékk mígreni helmingi færri daga en áður, samanborið við 18% sem fengu ekki meðferð.

Prófessor Peter Goadsby, sem leiddi rannsóknina á erenumab við King's College í London, sagði í viðtali við BBC: „Þetta er stórmál, því þetta gefur betri skilning á mígreni og sérhannaðri meðferð við því. Þetta minnkar tíðni og alvarleika höfuðverkjanna. Þessir sjúklingar fá hluta af lífi sínu aftur og samfélagið fær þetta fólk aftur til virkni.“

Hann sagði að gögn sem fengust úr rannsókninni en voru ekki gefin út gæfu til kynna að fimmtungur sjúklinga fengi ekki mígreni aftur eftir meðferð.

## Langtímaáhrifin ekki þekkt

Mótefnin eru ekki einu lyfin sem eiga að koma í veg fyrir mígreni. Flogaveikilyf, hjartalyf og bótox eru líka notuð. Simon Evans, framkvæmdastjóri góðgerðarsamtakanna Migraine Action, sem eru stærstu ráðgjafar- og stuðningssamtök mígrenisjúklinga og aðstandenda þeirra í Bretlandi, segir að þessi lyf hafi ýmsar aukaverkanir og virki ekki fyrir alla.

Prófessor Goadsy telur að sjúklingar sem geta ekki nýtt sér meðferðirnar sem eru þegar til staðar séu líklegastir til að njóta góðs af þessari nýju meðferð, en gallinn við mótefni er að þau eru dýrari í framleiðslu en aðrar meðferðir.

Vonast er til að uppgötvun á CGRP og notkun mótefna sem vinna gegn því skapi færri aukaverkanir. En báðar rannsóknirnar benda á að það þurfi frekari rannsóknir til að meta öryggi mótefnanna til lengri tíma. Enn er ekki vitað hver langtímaáhrifin verða, hverjum meðferðin gagnast, né hvaða aukaverkanir gætu komið í ljós.

# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 5. DESEMBER 2017



# Flaggskipið endurnýjað

Insignia er stærsti fólksbíll Opel og kemur nú af annarri kynslóð. Fyrsta kynslóðin var fríð en enn mátti gera betur. Mikið rými og staðalbúnaður, prýðilegir aksturseginleikar og gott verð gera hann að góðum kosti. →6



# BÍLAR



Cristiano Ronaldo valdi Audi RS7 Sportback Performance.

## Allir leikmenn Real Madrid fengu að velja sér Audi

Það á bæði við alla leikmenn Real Madrid og Bayern München að þeir fá á hverju ári að velja sér sinn uppáhalds Audi til að aka á næsta árið. Í tilfelli Real Madrid hefur þetta staðið yfir frá árinu 2003 og það var vel við hæfi að leikmenn Real Madrid veldu sér sinn óskabíl svona rétt fyrir jólin. Vinsælasti bíllinn hjá leikmönnum Real Madrid þetta árið var jeppinn Audi Q7 en einir 14 leikmenn völdu sér þann bíl, sumir þeirra E-Tron útfærslu hans en aðrir kraftaköggulinn SQ7 TDI með 8 strokka dísilvél.

Cristiano Ronaldo var þó ekki einn þeirra því hann valdi Audi RS7 Sportback Performance bíl, en hann er 605 hestöfl og því algjörlega við hæfi eins snöggs leikmanns og hann er. Þjálfarinn Zinédine Zidane fékk sér hins vegar Audi RS6 Avant Performance og er hann með sömu aflmiklu vélina og bíll Ronaldos. Marco Arsenio var nokkru hófsamari í sínu vali en hann kaus sér Audi S5 Coupe bíl, öllu minni bíl en flestir hinna í liðinu. Það átti þó ekki við Sergio Ramos sem valdi sér ofursportbílinn Audi R8 Spyder. Eins skrítið og það nú er þá valdi enginn hið nýja flaggskip Audi A8, né heldur hinn glænýja Audi A7 Sportback. Svo virðist sem smekkur leikmanna Real Madrid sé í nokkru frábrugðinn smekk leikmanna Bayern München því í tilviki þeirra þýsku var Audi RS6 Avant bíllinn sá vinsælasti, en einir fimm leikmenn Bayern München völdu hann og næstvinsælastir voru svo Audi Q7 og Audi SQ7.




McLaren 720S.

## McLaren 720S er sneggri en miklu dýrari en Porsche 918 Spyder

Þeir sem reynt hafa hinn nýja McLaren 720S halda ekki vatni yfir getu bílsins. Bílatímaritið Road & Track reyndi bílinn á kvartmílubraut um daginn og þar reyndist hann sneggri en ofurbíllinn Porsche 918 Spyder og kláraði kvartmíluna á 9,79 sekúndum með endahraðann 236 km/klst. Porsche 918 Spyder kostar 900.000 dollara en McLaren 720S kostar 285.000 dollara og er því meira en þrisvar sinnum ódýrari bíll. McLaren 720S er eins og nafn hans bendir til „aðeins“ 720 hestöfl en Porsche 918 Spyder er 887 hestöfl sem koma bæði frá öflugri brunavél og rafmagnsmótorum. McLaren 720S er eingöngu með brunavél og aðeins með drif á afturhjólunum, en Porsche bíllinn með drifi á öllum hjólum. Því kemur það eðlilega á óvart að McLaren bíllinn sé sneggri en það hjálpar honum mjög hversu léttur hann er, eða aðeins 1.450 kg, sem er um það bil það sama og Mazda3. Reyndar er McLaren 720S á pari við tvo aðra ofurbíla hvað upptöku varðar, þ.e. McLaren P1 og Ferrari LaFerrari en það eru, líkt og Porsche bíllinn, mjög dýrir bílar.

BÍLAR
www.visir.is/bilar
Umsjón blaðsins
**Finnur Thorlacius**
finnurth@365.is



Auglýsingar: Atli Bergmann atlib@365.is, Sími 512 5457
Útgáfufélag: 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



Aston Martin Vantage.

# Framleiðsla á næsta ári svo til öll uppseld

Aston Martin Vantage fær greinilega góðar móttökur.

Ný gerð Aston Martin Vantage fær greinilega góðar móttökur hjá aðdáendum Aston Martin bíla því svo til öll framleiðsla bílsins á næsta ári er nú þegar uppseld. Þetta upplýsti Aston Martin skömmu eftir frumsýningu minni bróður hans, nýs Aston Martin DB11. Það þarf efnaða kaupendur til að festa sér eintak af Aston Martin Vantage því hann kostar 149.995 dollara, eða um 15,6 milljónir króna. Aston Martin segir að Aston Martin Vantage hafi dregið að nýja kaupendur vegna þess hversu ólíkur bíllinn er öðrum fyrri gerðum Aston Martin bíla, kaupendum sem hingað til hafi t.d. dregist að Porsche 911 bílum og öðrum bílum honum líkum. Næsti nýi bíll Aston Martin verður Vanquish og á hann að líta dagsljósið árið 2019 og það ár ætlar Aston Martin líka að kynna fyrsta jeppa sinn, Aston Martin DBX. Í kjölfarið er svo komið að RapidE sem eingöngu verður drifinn áfram af rafmagni og einnig hefur verið ýjað að nýjum sportbíl með miðjusetta vél.




Þessi bíll verður yfir 300 hestöfl og á að brúa bilið milli hins 218 hestafla A250 og AMG A45.

# 400 hestafla AMG A45 verður kynntur til leiks á næsta ári

Öflugasti fjöldaframleiddi 4 strokka bíllinn verður aflmeiri.

Öflugasti fjöldaframleiddi 4 strokka bíll heims í dag er Mercedes Benz AMG A45 og er þessi litli bíll með 381 hestafl undir húddinu. Það þykir þeim hjá AMG sportbíladeild Benz þó ekki nóg og eru að vinna að næstu gerð bílsins sem verður meira en 400 hestöfl. Þessi hestaflatala hefur verið staðfest frá vígstöðvum Benz en hugsanlegt er að hjá AMG sé einnig verið að vinna að enn öflugri gerð bílsins.

Mikið hefur sést til hins nýja AMG A45 í prófunum, en athygli hefur vakið að þar fara bæði útfærslur með tveimur og fjórum púströrum og gæti sá með fjórum verið þessi ofuröfluga gerð.

Nýr AMG A45 verður kynntur til leiks á fyrri helmingi næsta árs og þá verður einnig kynnt örlítið hófsamari gerð þessa nýja A-Class bíls og er haft eftir ónefndum starfsmönnum innan raða Benz að hann muni fá nafnið A32 4Matic eða A36Matic. Eins og nafnið bendir til verður hann fjórhjóladrifinn, líkt og AMG A45. Þessi bíll verður yfir 300 hestöfl og á að brúa bilið milli hins 218 hestafla A250 og AMG A45. Allar líkur eru á því að bæði AMG A45 og sá næstöflugasti verði sýndir almenningi á bílasýningunni í Genf í mars á næsta ári.



Sjáðu ljósið.
Settu þig í samband við íslenska orku á rafbíl frá Volkswagen.
Volkswagen er með breiddina í rafmagns- og tengiltvinnbílum. Þú finnur ódýran og nettan e-up!, sportlegan Golf GTE, flaggskipið e-Golf og rúmgóðan Passat GTE fyrir alla fjölskylduna. Það er góð tilfinning að koma í hlýjan bílinn á köldum vetrarmorgnum, fylgjast með hleðslunni í símanum og ferðast um á umhverfisvænan hátt. Hugsaðu hlutina upp á nýtt og skiptu yfir í rafbíl sem gengur fyrir íslenskri orku.
Við bíðum spennt eftir að sjá þig!
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
e-up! Rafmagnsbíll
Sá ódýrasti. Dregur allt að 160 km*
Verð frá 2.990.000 kr.
e-Golf Rafmagnsbíll
Dregur allt að 300 km*
Verð frá 4.150.000 kr.
Golf GTE Tengiltvinnbíll
Sportlegur og umhverfisvænn.
Verð frá 3.990.000 kr.
Passat GTE Tengiltvinnbíll
Frábær fjölskyldubíll.
Verð frá 4.770.000 kr.
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ
*Skv. NEDC staðlinum. **Upplýsingar um CarNet er að finna á heimasíðu Volkswagen, kynntu þér málið.



Hyundai Accent af árgerð 2018 er bara býsna laglegur bíll.

## Hyundai Accent kostar 1,6 milljónir króna í Bandaríkjunum

Margir Íslendingar muna eftir Hyundai Accent bílnum enda seldist hann í skipsförmum hérlendis á árum áður. Talsvert er þó síðan Accent var til sölu hér og er hann orðinn æ óalgengari sjón á götum landsins. Það á þó ekki við í Bandaríkjunum þar sem Hyundai býður Accent til sölu á afar hagstæðu verði. Þar fæst Accent á 14.995 dollara, eða 1.585.000 krónur, og það sem meira er, þar fer bara býsna laglegur bíll. Ef hann væri í boði hérlendis á þessu verði væri um að ræða ódýrasta nýja bíl sem hægt væri að kaupa. Hafa verður þó í huga að bílar eru mun ódýrari í Bandaríkjunum en hér og há vörugjöld og virðisaukaskattur hafa ekki viðlíka áhrif á endanlegt verð bíla þar. Ódýrasta gerð Accent er beinskipt, en bíllinn er samt furðanlega vel búinn, með 5" litasnertiskjá, bakkmyndavél, útvarpsstýringu og skriðstilli í stýri, Bluetooth tengingu, rafmagnsrúðum allan hringinn og fjölstillanlegu framsæti. Dýrustu útfærslu fylgir margs konar aðstoðar- og lúxusbúnaður og fæst hún á undir tveimur milljónum króna. Accent býðst aðeins með einni vélargerð í Bandaríkjunum, 1,6 lítra bensínvél, 130 hestöfl með 161 Nm togi.







# Mikil ánægja meðal eigenda Nissan Micra

Á fimm helstu markaðssvæðum Evrópu var einkunnagjöf eigenda Micra á bilinu frá 8,7 til 9,3.

Nýr Nissan Micra sem kom á markað fyrr á árinu fær 8,8 stig af 10 mögulegum í einkunnagjöf eigenda þar sem þriðjungur svarenda í nýlegri ánægjukönnun gaf bílnum fullt hús stiga. Ánægjukannanir sem þessar eru bílaframleiðendum mjög mikilvægar og hjá Nissan nýta hönnuðir fyrirtækisins niðurstöðurnar í áframhaldandi þróunarvinnu til að bæta gæðin enn meira. Það var könnunarfyrirtækið Reevoo sem framkvæmdi könnunina fyrir Nissan og eru sérfræðingar í hönnunarteymi bílsins afar ánægðir með niðurstöðurnar eins og gefur að skilja. Þrátt fyrir það lýkur hönnun bíla aldrei því stöðugt er unnið að framförum og má gera ráð fyrir að þegar á næsta ári líti ýmsar nýjungar ljós sem byggja á ábendingum viðskiptavina.



Nissan Micra er greinilega vinsæll á meðal þeirra sem eiga eintak af honum.

### Þjóðverjar ánægðastir

Á fimm helstu markaðssvæðum Evrópu var einkunnagjöf eigenda Micra á bilinu frá 8,7 til 9,3. Í Bretlandi var hún 9,2, 8,7 í Frakklandi, 8,9 á Ítalíu, 8,7 á Spáni og ánægðastir voru Þjóðverjar sem gáfu Micra 9,3 í einkunn.

### Skemmtilegur í akstri

Meðal umsagna var þessi frá ánægðum eiganda: „Hönnun farþegarýmisins er æðisleg ... hann er yndislegur í akstri ... þetta er frábær bíll fyrir mínar þarfir ... það hafa orðið miklar framfarir í hönnun og virkni bílsins ... hann er þægilegur og hagkvæmur og krafturinn í þessari 900 cc vél kom á óvart.“ Í heildina litið var umsögnin „skemmtilegur í akstri“ algengasta einstaka svar þátttakenda um nýjan Micra, nefnd í 20% tilfella. Gæði, þægindi og mikill stöðugleiki í akstri voru einnig algeng svör. Þá var enn fremur algengt að þátttakendur gæfu hljómtækjunum frá Bose hæstu mögulega einkunn.

### Nýjungar á næsta ári

Helen Perry, framkvæmdastjóri smábíla hjá Nissan Europe, sagði þegar Reevoo birti niðurstöður könnunar að „að sjálfsögðu væru ákveðin atriði sem hægt væri að bæta og ábendingar viðskiptavina okkar gegna lykilhlutverki í þróunarvinnu okkar. Sérfræðingar í verkfræðiteymi okkar ígrunda gaumgæfilega umsagnir sem við fáum og meðal þess sem við munum gera strax á næsta ári er að bjóða fleiri vélar við Xtronic-sjálfskiptingu auk 120 hestafla vél og sex gíra beinskiptingu“.

# Qashqai besti sportjeppinn í sínum flokki að mati What Car?

Hefur frá upphafi verið mest seldi sportjeppi heims.

Að mati fjölskipaðrar dómnefndar breska bílablaðsins What Car? eru kaup á fjögurra til sex ára gömlum Nissan Qashqai mjög skynsamleg vegna meginkosta hans sem eru rekstrarhagkvæmni, þægindi og fjölhæfni við mismunandi aðstæður. Hann er að mati blaðsins „Besti notaði sportjeppinn 2018 í flokki minni jepplinga“. Alex Robbins, ritstjóri notaðra bíla hjá tímaritinu, sagði, þegar úrslitin voru kynnt, að fyrsta kynslóð Qashqai sé enn mjög eftirsóttur bíll á markaðnum og það komi ekki á óvart. „Það eru fáir bílar í þessum flokki og af fyrstu kynslóð sem sameina svo átakalaust aksturseiginleika í ætt við jeppa og kosti hefðbundna fólksbílsins. Síðan hefur bíllinn fengið smávægilegar andlitslyftingar sem bera vitni um enn meiri þægindi, gæði og hagkvæmni.



Nissan Qashqai mest seldi bíllinn í sínum flokki.

### Mest seldi bíllinn í sínum flokki

Vinsældir hans á markaðnum eru til marks um alhliða gæði, hagstætt verð, sem gerir Qashqai að mjög ákjósanlegum bíl fyrir þá sem huga að kaupum á notuðum bíl. Nissan kynnti Qashqai 2006 og var hann sá fyrsti af nýrri og endurhannaðri kynslóð fjórhjóladrifinna jepplinga á markaðnum sem skaut honum þegar í stað upp á stjörnuhimininn. Eftirspurn eftir Qashqai hefur allar götur síðan haldið honum í fyrsta sæti sem mest selda bílnum í sínum flokki þrátt fyrir síharðandi samkeppni á markaðnum. Qashqai er í stöðugri þróun hjá Nissan og sífellt koma fram tækninýjungar sem bæta kosti hans ár frá ári og halda honum enn þann dag í dag efst á vinsældarlistanum.


KEYRUM ÞETTA Í GANG!
JÓLARÝMINGARSALA TIL 15. DESEMBER
KOMDU Í KAFFI OG FÁÐU TILBOÐ Í NÝJAN ATVINNUBÍL FYRIR ÁRAMÓT.
JÓLAVERÐ 2.500.000 kr.
Verð áður 2.7500.000 kr.
Afsláttur 250.000 kr. + gjafakort
RENAULT KANGOO II
1.5 dísil, beinskiptur
JÓLAVERÐ 3.400.000 kr.
Verð áður 3.750.000 kr.
Afsláttur 350.000 kr. + gjafakort
RENAULT TRAFIC III (LANGUR)
1.6 dísil, beinskiptur
JÓLAVERÐ 4.150.000 kr.
Verð áður 4.550.000 kr.
Afsláttur 400.000 kr. + gjafakort
RENAULT MASTER III (MILLILANGUR)
2.3 dísil, beinskiptur
JÓLAVERÐ 2.140.000 kr.
Verð áður 2.340.000 kr.
Afsláttur 200.000 kr. + gjafakort
DACIA DOKKER
1.5 dísil, beinskiptur
JÓLAVERÐ 2.800.000 kr.
Verð áður 3.050.000 kr.
Afsláttur 250.000 kr. + gjafakort
NISSAN NV200 W
1.5 dísil, beinskiptur
GJAFAKORT
100.000 KR. GJAFAKORT
FYLGIR ÖLLUM NÝJUM BÍLUM!
Þeir sem kaupa nýjan bíl hjá BL fyrir 15. desember fá í kaupbæti 100.000 kr. gjafakort frá Íslandsbanka. Kortið má nota sem innborgun á nýja bílinn, upp í skemmtilega sumarferð eða til að láta langþráðan draum rætast.
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
Jólaverð á rýmingarsölunni gildir ekki með öðrum tilboðum eða afsláttum.
ENNEMM / SÍA / NM85413

# BÍLAR

KOSTIR OG GALLAR

## OPEL INSIGNIA

- 1,5 LÍTRA BENSÍNVÉL
- 165 HESTÖFL
- FRAMHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 6,2 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 141 g/km CO2
**Hröðun:** 8,9 sek.
**Hámarkshraði:** 216 km/klst.
**Verð frá:** 4.290.000 kr.
**Umboð:** Bílabúð Benna

Kostir:
- Útlit
- Rými
- Margir vélarkostir
- Verð

Gallar:
- Efnisnotkun í innréttingu
- 1,5 lítra bensínvél
- 165 hestöfl
- Framhjóladrif



**Reynsluakstur**
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is

Þýski bílasmiðurinn Opel kappkostar nú að endurnýja bílalínu sína eftir eigendaskiptin á fyrirtækinu frá General Motors til PSA Peugeot Citroën. Stutt er síðan Opel kynnti jepplinginn Grandland X en nú er komið að þekktum framleiðslubíl Opel, Insignia. Opel Insignia kemur nú af annarri kynslóð en Insignia leysti af hólmi Opel Vectra árið 2008 og fékk andlitslyftingu árið 2013. Insignia er stór fólksbíll sem fellur í D-stærðarflokk, sem er flokkur bíla sem átt hafa undir högg að sækja eftir að frá bílaframleiðendum fór að streyma mikið úrval jepplinga. Það skal þó alls ekki litið fram hjá því að stórir fólksbílar, ekki síst í langbaksútfærslu hafa ýmislegt fram yfir jepplinga, ekki síst akstursegininleikana. Auk þess er farangursrými þeirra oft meira, sem og pláss fyrir aftursætisfarþega. Þessu átta Þjóðverjar sig á og þar seljast stórir fólksbílar enn vel og þá ekki síst sem langbakar.

### Fallegur nú sem áður

Opel Insignia hefur einfaldlega ávallt verið mjög fallegur bíll og ófáir hafa verið á þeirri skoðun að þar fari einn best hannaði bíllinn í þessum stærðarflokki. Ekki skortir á samkeppnina því í þessum flokki bíla má finna þekkta bíla eins og Volkswagen Passat, Mazda6, Renault Talisman, Ford Mondeo, Honda Accord, Subaru Legacy og Kia Optima, svo einhverjir séu nefndir. Fyrsta kynslóð Insignia hefur greinarritara ávallt þótt ferlega fallegur bíll og hann mátti alveg við því að verða níu ára gamall og er enn klassísk hönnum. Það kemur þó ekki í veg fyrir að Opel geti gert enn betur því ný kynslóð hans er enn fegurri bíll og sportlegri. Útlit hans nú er líkt og hann hafi farið í ræktina og misst slatta af óþarfa kílóum. Það er svo sem ekki orðum aukið þegar grannt er skoðað því bíllinn hefur lést um 140 kíló á milli kynslóða og er það býsna vel gert hjá Opel og eykur mjög á akstursæfni hans. Samt sem áður er Insignia enn stór bíll og til samanburðar er hann 1 cm lengri en Skoda Superb, sem þykir nú stór bíll. Einnig má bera Insignia saman við tvo bræður úr Volkswagen



Opel Insignia hefur alltaf verið fallegur og ekki minnkar fegurðin í ár. Margir eru á því að þarna fari einn best hannaði bíllinn í þessum stærðarflokki.



Langbakurinn og litli bróðir eru tignarlegir að sjá.



Framsætin eru frábær og þreyta engan í langkeyrslu.

VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR

Sérblað um Vörubíla og vinnuvélar kemur út 30. janúar.

Í þessu blaði er hægt að panta auglýsingar sem og kynningar.

Áhugasamir hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími/Tel: +354 512 5429
jonivar@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ



fjölskyldunni, þ.e. hinn nýja Arteon og Passat, en Insignia er á stærð við Arteon en samt á verði á við Passat. Þar kemur einmitt að því góða við Opel bíla, þar fæst mikið fyrir lágt verð. En þá kemur helst að þeirri spurningu hvort Opel skili viðlíka gæðum í sínum bílum og margir af samkeppnisbílunum.

### Griðarstórt innanrými

Hinn nýja Opel Insignia kalla þeir Opel menn Insignia Grand Sport. Víst er að hann ber ágætlega Grand-stimpilinn, bæði hvað varðar stærð og ágæta innréttingu, sem og ytra útlit. Hvað Sport-nafnið varðar hefur Insignia þó helst hlotið ámæli og einhverjir bent á að sumir samkeppnisbíla hans bæru nafnið Sport með meiri glans.

En aðeins að innanrýminu. Hrikalega vel getur farið um fimm farþega í Insignia þar sem pláss fyrir þá alla er yfrið og fóta- og höfuðplássið aftur í er af sverustu gerð. Skott Insignia er vel rúmt en það finnst þó stærra í sumum af samkeppnisbílum hans. Framsætin eru frábær og þreyta engan í langkeyrslu og það sem enn betra er, bíllinn er hriklega hljóðlátur og vel einangraður.

Hvað efnisval í innréttingunni varðar þá á hann enn ansi langt í þýsku lúxusbílasmiðina Benz, Audi og BMW, en samkeppnin er miklu fremur fólgin í áðurnefndum bílum og þar stendur hann mun nær. Víst er að hann fer létt með Ford Mondeo í þessum samanburði.

Hvað staðalbúnað, aksturs- og öryggiskerfi og þægindabúnað varðar skorar Insignia hátt og Opel virðist hafa lagt mikið í bílinn, auk þess hann virðist einkar vel smíðaður.



Skott Insignia er vel rúmt en það er stærra í sumum af samkeppnisbílum hans.

### Sjö vélarkostir

Vélarkostirnir í Insignia samanstanda af 1,5 lítra bensínvél í 140 og 165 hestafla útfærslu, sem og 2,0 lítra og 260 hestafla bensínvél. Fjórir dísilvélar eru í boði, 1,6 lítra vél í 110 og 136 lítra útfærslu og 2,0 lítra vél í 170 og 210 hestafla útfærslu. Það krefst þess að velja 260 hestafla dísilvélina svo Insignia breytist í nægilegt villidýr til að setja nafnið Sport í heiti bílsins, en það var ferlega gaman að aka þeirri útgáfu Insignia. Minni bensínvélarnar, sem og þær sem brenna dísilolíu duga bílnum fyrir þá sem gera einungis kröfu til þess að komast á milli staða a og b, en ekki mikið meir. Insignia er prýðilegur bíll í akstri og tekst ágætlega við að eyða ójöfnum í veginum. Hann á þó dálítinn spöl í marga af hans helst samkeppnisbílum er kemur að sportlegum akstri. Langflestum kaupendum Insignia mun líka við eiginleika bílsins í akstri, enda afar þægilegur bíll þar á ferð. Það er helst þegar kemur að því að finna þolmörk hans sem sumir af samkeppnisbílum hans slá hann út. Það skal þó fullyrt hér að Insignia hefur alltaf verið frábær kaup og verður það enn frekar nú þar sem Opel hefur lækkað verð hans á milli kynslóða. Margur sá sem hugsað hefur sér að kaupa jeppling af stærri gerðinni ættu að bera þá saman við þennan bíl og sjá hvað þeir fá raunverulega fyrir peninginn. Kannski er það einungis veghæðin sem margir hafa oftast fátt við að gera.

## Auðnustjarnan – Saga Mercedes-Benz í máli og myndum

Út er komin hjá Forlaginu bókin Auðnustjarnan eftir Örn Sigurðsson, en hann er höfundur bókanna Íslenska bílaöldin, Króm og hvítir hringir og Gullöld bílsins. Daimler-Benz er elsti og þekktasti bílaframleiðandi heims sem á heiðurinn af mörgum merkustu bílum sögunnar. Einkennismerkið, auðnustjörnuna, má sjá hvarvetna: á fjölskyldubílum, sportbílum, kappakstursbílum og atvinnubílum. Í Auðnustjörnunni er saga Mercedes-Benz rifjuð upp með yfir 400 myndum af glæsivögnum jafnt sem smábílum. Allir eiga það sameiginlegt að vera framleiddir af yfirburða kunnáttu og kostgæfni. Sérstakur kafli er helgaður langri og farsælli sögu Mercedes-Benz á Íslandi. Auðnustjarna er 160 bls. að lengd og ómissandi fyrir alla bílaáhugamenn.






# BÍLAR

## Volkswagen vinnur að tveimur Mild-Hybrid Golf

Fáar bílgerðir eru til í fleiri útfærslum en Volkswagen Golf. Volkswagen Golf má kaupa með mörgum gerðum bensín- og dísilvéla, sem rafmagnsbíl, tengiltvinnbíl og metanbíl. Enn mun fjölga í útfærslum Golf því Volkswagen vinnur að tveimur gerðum svokallaðra Mild-Hybrid Golf bíla, en slíkir bílar eru með minni rafhlöður og rafmótora en tengiltvinnbílar. Þessar nýju gerðir Golf eru með 1,5 lítra TSI bensínvél með beltadrifinni ræsingu og 48 volta lithium ion rafhlöður á stærð við hefðbundna rafgeyma. Bílarnir verða með nýja 7 gíra DSG „dual-clutch“ sjálfskiptingu. Bílarnir tveir munu bera nafnið Golf MHEV og Golf MHEV Plus en sá síðarnefndi er með stærri 35 hestafla tveimur rafmótorum sem drífa áfram framhjólin, en einnig kemur til greina að setja þann rafmótor á aftari öxulinn og er þá bíllinn fjórhjóladrifinn. Sú útfærsla hans er freistandi í framleiðslu þar sem það myndi auka akstursgetu bílsins, auka stöðugleika hans í beygjum og minnka undirstýringu. Volkswagen er lengra komið með útgáfuna með minni rafhlöðunni þar sem hann er einfaldari í framleiðslu. Golf MHEV Plus útfærslan ætti að eyða minna eldsneyti þar sem annar rafmótor hans getur endurheimt hemlunarafl bílsins. Ekki er ljóst hvenær þessar tvær nýju gerðir Golf verða settir á markað.



Volkswagen Golf má kaupa með mörgum gerðum bensín- og dísilvéla, sem rafmagnsbíl, tengiltvinnbíl og metanbíl.

# Best á sviði grænna orkugjafa

## Alls hafa um 400 þúsund Leaf bílar selst í heiminum og Leaf floti heimsins hefur lagt samtals að baki 3,6 milljarða kílómetra án þess að alvarlegar bilanir hafi komið upp.

Japanski bílaframleiðandinn Nissan, sem leitt hefur þróun rafmagnsbíla á almennum neytendamarkaði með mest selda rafmagnsbílnum Leaf, hyggur á frekari landvinninga á þessu sviði eins og m.a. kom fram í máli Francisco Carranza Sierra, framkvæmdastjóra Nissan Energy business, deildar Nissan sem ber ábyrgð á markaðsvæðingu á vörum og þjónustu sem tengjast samþættingu rafbíla og rafdreifinets. Hann ber einnig ábyrgð á markaðssetningu á vörum fyrir staðbundna geymslu á rafmagni þar sem byggt er á þekkingu og reynslu Renault og Nissan á lithiumrafhlöðum. Francisco var meðal gesta á alþjóðlegu ráðstefnunni Charge í Hörpu í október, þar sem Nissan hlaut sérstök verðlaun fyrir bestu framleiðsluvöruna á sviði grænna orkugjafa og Francisco veitti viðtöku fyrir hönd framleiðandans.



Japanski bílaframleiðandinn Nissan, sem leitt hefur þróun rafmagnsbíla á almennum neytendamarkaði með mest selda rafmagnsbílnum Leaf, hyggur á frekari landvinninga á þessu sviði.

### Þróunin heldur áfram

Liðin eru sex ár frá því að Leaf kom á markað í Evrópu. Hann hafði þá verið á markaði í eitt ár í Norður-Ameríku og Japan og hafa alls um 400 þúsund bílar selst í heiminum. Leaf floti heimsins hefur frá upphafi lagt samtals að baki um 3,6 milljarða kílómetra án þess að alvarlegar bilanir hafi komið upp í bílunum. Þróun, sala og þjónusta við eigendur Leaf hafa breytt áherslum Nissan verulega á þeim tíma sem liðinn er frá því að bíllinn kom á markað. Leaf er enn í mikilli þróun og á næsta ári kemur nýr, stærri og fullkomnari Leaf á markað með öflugri rafmótor, langdrægari rafhlöðu og mörgum mikilvægum tækninýjungum.

### Tækninýjungarnar

Leiðinni til fullkomlega sjálfkeyrandi bíla er gjarnan skipt upp í nokkur stig. Margir nýir bílar eru nú þegar færir um að leggja sjálfir í stæði, halda sig sjálfir á akreininni sem ekið er eftir, stöðva fyrir aftan næsta bíl í þungri umferðinni og svo framvegis. Þetta er gjarnan kallað stig númer tvö og þessum eiginleikum verður næsta kynslóð Leaf búin.

### Akreinaskipti

Sem dæmi um nýja tækni má nefna bremsunæma orkupedalann ePedal sem hægir með virkum hætti á bílnum þegar létt er á gjöfinni þannig að ekki þarf að nota bremsupedalann nema þegar hægja þarf snöggleega. Einnig má nefna tæknikerfið ProPILOT sem aðstoðar ökumann við aksturinn með því að halda bílnum á akreininni sinni og stjórna hraðanum í samræmi við umferðarþungann hverju sinni. Þannig stöðvast nýr Leaf sjálfkrafa fyrir aftan næsta bíl þegar svo ber undir. ProPILOT getur einnig lagt bílnum í stæði fyrir ökumanninn.

### Nýjar kynslóðir 2019 og 2020

Á næsta ári hyggst Nissan bjóða næstu kynslóð ProPILOT á heimamarkaði og árið 2019 á öðrum helstu lykilmörkuðum heims. Sú kynslóð mun gera Leaf kleift að skipta um akrein á fjölakreinavegi og taka fram úr öðrum bílum. Árið 2020 kemur svo þriðja kynslóð ProPilot og þá mun bíllinn ráða við sjálfvirkan akstur yfir gatnamót á grænu ljósi eða velja rétta fráreín af hraðbraut yfir á annan veg í samræmi við valinn áfangastað. Samkvæmt því munu t.d. Parísarbúar á leið til Barcelona, sem setja sjálfstillinguna á við brottför heiman frá sér, ekki þurfa að hafa mikið fyrir akstrinum á leiðinni til Katalóníu.

### Þróaðri rafhlaða

Í upphafi kom Nissan Leaf með 24 kWh rafhlöðu sem dró allt að 190 km á hleðslunni. Hún kom í smávægilega uppfærðri útgáfu ári síðar sem jók drægið um 30 km. Árið 2015 kom ný 30kWh rafhlaða sem jók drægið í um 280 km. Nýr Leaf 2018 kemur með bæði stærri og öflugri rafmótor og jafnframt fjórðu kynslóð 40 kWh háorkulithíumrafhlöðu Nissan sem dregið getur allt að 400 km við góðar aðstæður. Einnig er vert að benda á að skemmri tíma mun taka að hlaða rafhlöðuna í nýjum Leaf sem kemur á næsta ári.

### Öflugri og langdrægari rafhlaða 2019

Gert er ráð fyrir að 60kWH rafhlaða komi í Leaf 2019 og stefnt er að því að 2022 bjóði Nissan Leaf með 600 km rafhlöðu. Það verður mikið framfaraskref og t.d. gera íslenskum ökumönnum Leaf kleift að fara í mun lengra ferðalag en áður án þess að hlaða fyrr en á áfangastað.

### Hleðslustöðvum fjölgar

Í Evrópu stendur nú yfir stórt verkefni sem hefur að markmiði að fjölga hratt hleðslustöðvum í álfunni. Nissan hefur fjárfest í verkefninu fyrir um 50 milljónir evra og hafa nú um 4.600 hleðslustöðvar verið settar upp í álfunni, m.a. hér á landi, fyrir tilstuðlan bæði Nissan og BL. Á næstu mánuðum er svo fyrirhugað að bæta við um eitt þúsund stöðvum.

### Vegghleðslutæki

Nissan mun bjóða upp á nýtt 7kW vegghleðslutæki með Leaf sem mun auka hleðsluhraða og stytta fullhleðslutíma í 5,5 klst. miðað við nær tóma rafhlöðu. Einnig verður boðið upp á 22kW vegghleðslutæki sem hleður bílinn á aðeins tveimur klukkustundum, sem án efa mun henta fyrirtækjum sérlega vel, þar með talið bílaleigum.






# Taktu Krók á leiðarenda

Krókur  er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

**KRÓKUR**

*á þinni leið*

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

# BÍLAR

**KOSTIR OG GALLAR**
## KIA STONIC

- 1,0 LÍTRA BENSÍNVÉL
- 120 HESTÖFL
- FRAMHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 5,0 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 115 g/km CO2
**Hröðun:** 10,3 sek.
**Hámarkshraði:** 184 km/klst.
**Verð frá:** 3.140.777kr.
**Umboð:** Askja

Kostir:
- Útlit
- 1,0 l bensínvélin
- Búnaður
- Verð

Gallar:
- Skottrými
- Efnisnotkun í innanrými
- Framhjóladrif

# Flott útspil Kia í smájeppaflokki

Kia Stonic er enn einn gæðabíllinn sem Kia teflir fram, en hér í þeim flokki bíla sem vex hraðast. Stonic er búinn miklum kostum, hann stendur hátt frá vegi og býðst með stórskemmtilegri 1,0 lítra vél.



**Reynsluakstur**
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is



Kia Stonic er fögur hönnun enda ekki von á öðru úr smiðju Peters Schreyer, yfirhönnuðar Kia, sem klikkar ekki.

Nú á örskömmum tíma fjölgar um þrjá litla jepplinga sem velja má um umfram þá sem fyrir voru á markaði, svo sem Nissan Juke, Mazda CX-3 og Renault Captur. Þetta eru bílarnir Kia Stonic, Hyundai Kona og Volkswagen T-Roc. Þeir falla allir í þann flokk bíla sem seljast stöðugt betur í heiminum í dag, sem virðist nánast öskra á litla og sæta jepplinga. Þessir bílar falla í B-stærðarflokk jepplinga sem seljast í 1,1 milljón eintaka bara í Evrópu í ár og spáð er að verði stærsti einstaki flokkur bíla árið 2020. Kia Stonic var kynntur fyrr á Íslandi en Hyundai Kona, en bílablaðamönnum var boðið að kynna sér Kia Stonic í Berlín fyrir skömmu. Kia Stonic og Hyundai Kona eru í raun systurbílar, enda á Hyundai stóran hlut í Kia fyrirtækinu. En það sem meira máli skiptir er að Kia Stonic er enn fremur systurbíll Kia Rio, er á sama undirvagni og hann, með sömu vélar og margt annað sameiginlegt. Það eru reyndar fremur góðar fréttir hvað varðar Stonic því Rio er einfaldlega mjög góður bíll. Það sem þeir eiga þó ekki sameiginlegt er veghæðin, en Kia Stonic er óvenjuhár frá vegi og með lægsta punkt 18,3 cm frá götu. Það hentar mjög vel hér á landi snjóa og ófærðar. Það má þó ekki skilja það sem svo að hér sé komið torfærutröll, en Stonic kemur aðeins framhjóladrifinn.

### Ekki klikkar Schreyer

Enn eina ferðina kemur úr smiðju Kia, eða öllu heldur aðalhönnuðarins Peters Schreyer, fallegur bíll með öll hlutföll í lagi. Stonic er skemmtilega teiknaður og fyrir ýmsu er hugsað með hönnun hans. Hann er með óvenju langt húdd fyrir lítinn jeppling að vera og það gerir hann kraftalegri og sportlegri. Hann er með annars konar lit á þaki og það villir augunu sýn á þann hátt að bíllinn virðist lægri og meira í ætt við sportbíla. Hann er með breiðan og tilkomumikinn framenda og afturendinn er flottur með fremur stóra hlífðarplötu neðst sem bendir til getu hans í vegleysum. Hliðarsvipurinn er með sterkum afgerandi línum og sportlegheitin skína af honum þrátt fyrir hve hátt hann stendur á vegi. Að innan er Stonic ansi laglegur þó eitthvað beri á fremur ódýru plasti, eins og er í öllum bílunum í þessum flokki og skýrir kannski best út hve ódýrir þeir eru. Innréttingin er eiginlega sú sama og í Rio, sem er að mörgu leyti sniðugt þar sem ekki þarf fyrir vikið að leggja í þann kostnað að endurhanna þennan bíl frá upphafi og gerir hann ódýrari fyrir vikið. Ekki ókunn formúla þar. Sætin eru þægileg og veita mikinn stuðning og falleg eru þau að auki. Rými í aftursætum er nægt til að duga fullorðnum en skottrými er ekki ýkja stórt, eða 352 lítrar. Hafa verður þó í huga að vart er hægt að gera betur í B-stærðarflokki jepplinga. Sem fyrr virðist allt vel smíðað og á réttum stað fyrir ökumann, en smíðagæði Kia eru á þeim stalli að fyrirtækið veitir sjö ára ábyrgð á bílnum, það mesta meðal bílasmiðja. Kaupendur Kia bíla hafa það eðlilega mikið í huga.




Kia Stonic er óvenjuhár frá vegi og með lægsta punkt 18,3 cm frá götu.



Innréttingin er eiginlega sú sama og í Rio, sem er að mörgu leyti sniðugt.

### Þrælmögnuð 1,0 lítra og 120 hestafla vél

Almennt eru jepplingar í B-stærðarflokki ekki þekktastir fyrir ómótstæðilega akstursgetu, þar fara litlir bílar á stultum og sú formúla bendir hreint ekki til þess að eðlisfræðin vinni með þeim. Kia Stonic er þó einn þeirra bíla í flokknum sem skemmtilegast er að aka og hann er einstaklega lipur í borgarumferð og vel hæfur á vegum þar sem hraðar má aka. Þar sem bíllinn er fremur harður í fjöðrun er engin sérstök ástæða til að velja á hann sem stærstar álfelgur því slíkt kemur niður á mýktinni með minni barða til aðstoðar. Líklega er hann bara bestur á minnstu felgunum sem bjóðast, þ.e. 15 tommu. Vélarkostirnir í Stonic eru fjórir, þrjár bensínvélar frá 84 til 120 hestafla og 1,6 lítra og 110 hestafla dísilvél. Það skrítnasta við bensínvélarnar er að sú aflmesta þeirra er með minnsta sprengirýmið, eða aðeins 1,0 lítra. Þar fer þrususkemmtileg vél sem hendir bílnum vel áfram. Líklega er helst hægt að mæla með henni, en margir munu samt örugglega kjósa líka dísilvélina, sem togar mjög vel. Hinar bensínvélarnar eru 1,2 lítra og 84 hestöfl og 1,4 lítra og 100 hestöfl. Í fyrstu er Stonic aðeins í boði beinskiptur með 6 gírum, nema með 1,2 lítra bensínvélinni en þá er hann 5 gíra. Kia mun svo kynna sjálfskiptingu í bílinn á næsta ári. Engin sérstök ástæða er til að bíða eftir henni þar sem bílar í þessum stærðarflokki eru hvað skemmtilegastir beinskiptir.

### Merkilega vel búinn

Kia Stonic er merkilega vel búinn bíll fyrir lítinn pening og sem dæmi er 7 tommu aðgerðaskjár með Apple CarPlay og Android Auto, hitastýrð miðstöð, bílastæðastýring og Bluetooth staðalbúnaður og þá er upptalningin rétt hafin. Fullkomið stöðugleikakerfi og brekkuaðstoð er það einnig og svo má kaupa aukalega sjálfvirka hemlun, blindpunktsaðvörun og syfjuvara, sem og fleiri öryggis- og aðstoðarkerfi. Með Kia Stonic er kominn fagur bíll með fullt af kostum á flottu verði, en hann þarf að glíma við síharðnandi samkeppni, því allir vildu Lilju kveðið hafa í þessum sístækkandi flokki bíla. Hann mun þó standast þá samkeppni.

PIRELLI




# Nýtt verkstæði á Breiðhöfða

## Eitt fullkomnasta hjólbarðaverkstæði landsins að Breiðhöfða 13




# STÆRÐIN SKIPTIR EKKI MÁLI!

Nýja verkstæðið að Breiðhöfða 13 er sérhannað fyrir starfsemina, með tækjabúnaði og aðstöðu til að veita **öllum bílum** fyrsta flokks hjólbarðaþjónustu. Þetta glæsilega verkstæði býður m.a. upp á þá nýjung að vera gegnumkeyranlegt fyrir vöruflutningabíla.

Breiðhöfði 13
110 Reykjavík
590 2080

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110

Tangarhöfði 15
110 Reykjavík
590 2045

Grjótháls 10
110 Reykjavík
561 4210

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200

# BÍLAR



Nissan Leaf er mest seldi rafmagnsbíll heims.

## Sala rafmagns- og tvinnbíla yfir 1 milljón á árinu

Það fer vafalaust ekki fram hjá neinum að mikill vöxtur er í sölu rafmagns- og tvinnbíla í heiminum og í fyrsta skipti mun sú sala ná yfir eina milljón bíla. Á þriðja ársfjórðungi ársins voru seldir 287.000 rafmagns- og tvinnbílar og nam vöxturinn 23% frá öðrum ársfjórðungi og 63% frá þriðja ársfjórðungi í fyrra. Mestur er vöxturinn í Kína og þar í landi var helmingur allra rafmagns- og tvinnbíla seldur á þessum þriðja ársfjórðungi ársins. Þessar tölur koma líklega ekki á óvart í ljósi þess hve bílaframleiðendur keppast nú við að fjölga rafmagns- og tvinnbílum í bílaflóru sinni, ekki síst þeir kínversku. Margir bílaframleiðendur hafa lýst því yfir að allar þeirra bílgerðir verði brátt boðnar annaðhvort sem tengiltvinnbílar eða hreinræktaðir rafmagnsbílar. Enn fremur hafa margir þeirra líka lýst því yfir að brunavélar sem brenni jarðefnaeldsneyti verði innan fárra áratuga vart í boði í þeirra bílum.



Polestar 1

## Volvo reisir Polestar verksmiðju í Kína

Kraftbíladeild Volvo, sem fengið hefur heitið Polestar mun einnig fá eigin verksmiðju og er smíði hennar hafin í Chengdu í Kína. Þar fjárfestir Volvo, eða öllu heldur eigandi Volvo, Geely, fyrir 78 milljarða króna. Verksmiðjan á að verða tilbúin um miðbik næsta árs, en ekki er þó stefnt að útkomu fyrsta bílsins sem þar verður smíðaður, Polestar 1, fyrr en árið 2019. Þessi nýja verksmiðja verður að sögn Volvomanna umhverfisvænsta bílaverksmiðja í Kína, en í leiðinni sú skilvirkasta. Volvo ætlar að kynna næsta bíl Polestar, þ.e. Polestar 2 einnig á árinu 2019 og verður hann á stærð við Tesla Model 3 bílinn. Heyrst hefur síðan af þróunarvinnu Polestar 3, sem verður jeppi á stærð við Tesla Model X. Polestar 1 á að verða 600 hestafla orkubolti í formi tengiltvinnbíls. Hann verður með ógnarlegt tog upp á 1.000 Nm og fjórhjóladrif þar sem rafmótorar drífa afturhjólin og 2,0 lítra bensínvél framhjólin. Polestar 1 á að geta farið fyrstu 150 kílómetrana á rafmagni eingöngu, en á EV-stillingu er hann eingöngu afturhjóladrifinn. Polestar 1 mun þó kosta skildinginn því heyrst hefur að verðmiðinn á honum verði 177.000 dollarar, eða um 18 milljónir króna.

## Ford íhugar að hætta sölu bíla víða í S-Ameríku vegna efnahagsástands

Þrettán síðustu ársfjórðunga hefur verið tap af sölu bíla Ford í S-Ameríku. Þessu finnst ráðamönnum Ford í Detroit erfitt að kyngja og íhuga að fara af markaði í þeim löndum þar sem verst gengur. Ekki er víst að Ford muni draga sig af þessum svæðum nema tímabundið, eða uns efnahagsástandið lagast. Það gæti verið ansi stór biti fyrir Ford að draga sig alfarið af markaði í álfunni, en slæmt stjórnmálalegt og efnahagslegt ástand víða í löndum S-Ameríku gerir starfsemi Ford þar lítt áhugaverða og engu fyrirtæki finnst eðlilegt að horfa upp á svo viðvarandi taprekstur. Fyrstu 9 mánuði ársins hefur Ford tapað 61 milljarði króna á starfseminni í S-Ameríku og tapið var enn meira í fyrra á sama tíma. General Motors hætti allri sölu bíla sinna í Venesúela á þessu ári.




Ekki er víst að Ford muni draga sig af þessum svæðum nema tímabundið.







# VIÐ KOMUM MEÐ JÓLIN TIL ÞÍN

## HVER DAGUR Í DESEMBER BÝÐUR UPP Á HÁTÍÐLEGA DAGSKRÁ Á STÖÐ 2.

Komdu þér vel fyrir og leyfðu okkur að sjá um stemninguna með klassískum jólamyndum, nýlegum stórmyndum, jólatónleikum og íslenskri dagskrárgerð í allan desember. Kynntu þér málið í síma 1817 eða á 365.is.

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 1817


Lax er D-vítamínríkur.

# Munið eftir D-vítamíninu

Ef þú finnur fyrir mikilli þreytu og óvenjulegum slappleika gæti ástæðan verið sú að þig skorti D-vítamín, sem stundum er kallað sólarvítamínið. Besta leiðin til að fá D-vítamín er að vera úti í sólinni en á þessum árstíma er fremur lítið um sól og dagarnir stuttir og þá þarf að huga betur að mataræðinu. D-vítamínið er best að fá úr fæðunni og ekki er verra að taka lýsi eða aðrar D-vítamínríkar fiskolíur með morgunmatnum. D-vítamín er t.d. í eggjarauðum, sardínum, laxi, lúðu og mjólkurafurðum. D-vítamínið, sem er fituleysanlegt vítamín, er gott fyrir beinin og gerir líkamanum kleift að nýta kalk. Þess þarf þó að gæta að taka ekki of mikið af því, enda allt best í hófi.










Rallýkappinn Baldur Arnar Hlöðversson, stendur við opnar dyr bílstjóramegin og aðstoðarökumaður hans, Hjalti Snær Kristjánsson, farþegamegin. Rallbíl Baldurs er Subaru Impreza, árgerð 2003, en saman urðu þeir Íslandsmeistarar á bílnum í flokki B árið 2017. Baldur starfar í Bíljöfri sem er í eigu föður hans og afa. MYND/STEFÁN

# Með bíla í blóðinu

## Baldri Arnari Hlöðverssyni þykir gaman að keyra hratt. Líka að sikksakka í gegnum krappar beygjur. Hann er á leið til Noregs í rallýskóla til að geta keyrt bílinn sinn enn hraðar.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Það eru bílar í blóðinu hjá mér,“ segir Baldur, sem hefur verið viðloðandi rallý síðan hann man eftir sér. „Það er viðtæk bíladella í fjölskyldunni og allt snýst um bíla. Pabbi, afi og afabróðir minn kepptu allir í rallakstri og ég var með þeim í kringum bílana frá því ég fór að ganga.“

Baldur er margfaldur Íslandsmeistari í rallakstri. Faðir hans er Hlöðver Baldursson, frækinn rallkappi sem einnig hefur oft hampað Íslandsmeistaratitlinum.

„Ég var alltaf ákveðinn í að feta í fótspor pabba,“ segir Baldur. „Pabbi keppti lengi vel í eindrifsflokki á gamalli Toyotu með drif á einum öxli og eftir ferminguna mína fórum við með fermingarpeningana og keyptum gömlu Toyotuna aftur, sem færði okkur pabba nokkra titla saman,“ segir Baldur sem byrjaði rallferilinn sem aðstoðarökumaður föður síns.

„Í rallakstri mega fimmtán ára unglingar verða aðstoðarökumenn. Mér fannst gott að geta lært af pabba og dýrmætt að sækja í reynslubrunn hans, en enn sætara að verða Íslandsmeistarar saman,“ segir Baldur sem varð Íslandsmeistari með föður sínum árið 2010 en þeir feðgar kepptu saman á árunum 2009 til 2011.

„Við pabbi skiptum svo um hlutverk þegar ég fékk bílpróf árið 2011 og keypti fjórhjóladrifinn Subaru Impreza, án túrbínu. Þá fór ég að keppa í 4x4 Non Turboflokknum og pabbi var aðstoðarökumaður minn fyrsta kastið, en síðan hef ég keyrt með vinum mínum og kærustu.“

### Tilbúinn í næsta skref

Á nýárinu er Baldur á leið í rallýskóla í Noregi og ætlar að taka bílinn sinn með sér í skólann.

„Ég ætla í vetrarrallýskóla Johns Haugland í Geilo í Noregi, skammt utan við Ósló. Haugland er frægur rallaksturskappi sem keppti lengi fyrir Skoda en fékk hugmyndina að rallýskólanum hann þegar hann lék sér að því að keyra á ísilögðu vatni. Þá eru stikaðar akstursbrautir á frosnu stöðuvatni og engin slysahætta fyrir hendi ef maður ekur óvart út af brautinni og lendir í mjúkum snjóskafli,“ útskýrir Baldur og er hinn spenntasti fyrir skólavistinni.

„Skólinn hefur verið draumur minn síðan ég vann fyrsta titilinn í 4x4 Non Turbo árið 2014 en nú finnst mér vera rétti tíminn til að láta til skarar skríða. Ég er orðinn 23 ára, kominn á frábæran bíl og tilbúinn til að taka næstu skref. Bílinn tek ég með mér út því á honum mun ég keppa áfram. Ég vil ná enn betri tökum á honum, læra að keyra hann enn hraðar, komast hraðar inn og úr beygjum og kunna betur á mikilvæga eiginleika bílsins.“

Baldur og bíllinn sigla út til Noregs með Norrænu 10. janúar.

„Ég hlakka mikið til þess að æfa mig í vetrarakstri en það er mjög svipað að keyra í snjó og möl. Ég bind vonir við að verða enn betri ökumaður eftir námið og eygja jafnvel möguleika á að komast til keppni í rallakstri í útlöndum.“

Baldur keppir nú í Grúppu N á Subaru Impreza, árgerð 2003. Bíllinn er 300 hestöfl, með túrbínu og kemst auðveldlega upp í 220 kílómetra hraða á klukkustund.

„Hraðinn er eitt, en bíllinn þarf líka að vera með góðar bremsur og fjöðrun. Hann fer hraðast 220 km/klst., en rallbrautir eru bæði beinar og hlykkjóttar, og meðalhraðinn má ekki fara yfir visst mikið. Því eru þrengingar á vegum til að stemma stigu við of miklum hraða.“

### Rallið á hug minn allan

Baldur segir hættulítið að keppa í rallakstri enda séu öryggiskröfur strangar.

„Bílarnir eru búnir sterkum veltibúrum og ökumenn sitja niðurnegldir í sex punkta beltum í sérhönnuðum körfubílstólum. Þeir klæðast líka eldvarnargalla-, skóm- og hönskum, eru með hjálma og sérstakan búnað sem ver þá fyrir hálsmeiðslum við snögga hemlun eða högg,“ útskýrir Baldur.

„Það geta auðvitað allir keypt sér bíl og græjað fyrir rallkeppni, farið af stað og keyrt hratt, en þá er spurning hversu langt menn komast. Ökuhæfnin þarf að vera upp á tíu og skynsemi að ráða ríkjum við ákvarðanatökur á leiðunum; maður þarf að skynja hvernig bíllinn hagar sér og hvernig maður nær að halda honum á veginum á miklum hraða, til að ná bestum tíma.“

Sigurvegari í rallakstri er sá sem kemst leiðar sinnar á sem skemmstum tíma, og á leiðarenda með besta heildartímann.

„Rallakstri fylgir adrenalínflæði frá upphafi til enda og það er ótrúlega spennandi að keyra hratt á lokaðri leið með traustan öryggisbúnað fyrir hendi. Ég fæ allavega ekki nóg, lifi fyrir þetta, og þegar ég er ekki að keppa eða grúska og græja í bílnum fyrir keppni, er ég að fara utan til að fylgjast með keppnum eða horfa á keppni í sjónvarpinu. Rallið á hug minn allan,“ segir Baldur sem lifir og hrærist í rallheiminum.

„Allir mínir vinir tengjast rallakstri og ég hef kynnst frábæru fólki í þessu sporti. Margir vina minna, sem ég kynntist þegar ég lærði bifvélavirkjun í Borgarholtsskóla, elta mig líka á keppnisferðum um landið og þjónusta bílinn í keppnum,“ segir Baldur, sem hefur hlotið styrk frá Garmin til að taka lifandi myndir á ferðalaginu og í norska vetrarrallýskólanum.

„Æðsti draumur rallökumanna er að komast í heimsmeistarakeppnina, en mig dreymir um að keppa úti og komast í atvinnumennsku. Flestir horfa til Bretlands, sem er mekka ralllaksturs, en þaðan liggur leiðin oft í stærri rallkeppnir heimsins,“ segir Baldur sem elskar að kitla bensíngjöfina og keyra mjög hratt í keppni.

„Mér finnst hröðunin sérstaklega skemmtileg; að vera snöggur upp og geta haldið hraðanum á kafla. Tæknilega hliðin er líka einstaklega skemmtileg, þegar maður fer í gegnum margar beygjur og sikksakkar bílnum á milli.“

# Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700




## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Húsaviðhald

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**

- *MÚRVINNA*
- *FLÍSALAGNIR*
- *SMÍÐAVINNA*
- *MÁLNINGARVINNA*
- *JARÐVINNA*
- *HELLULAGNIR*

*TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !*
Uppl. í s: 788 8870 eða
verk@murumogsmidum.is
**Múrum og smíðum ehf**

### Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## Keypt & Selt

### Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

HUMARSALAN

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677









Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

Herbergi til leigu m/aðgangi að eldhúsi, baði, þvottavél og þurrkara á sv. 200. Uppl. í s. 893 3475

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Til sölu eða leigu. 4,6 hektarar land með góðu aðgengi að vatnsbólinu Gvendarbrunnar. Gífurlegt vatnsmagn í boði samkvæmt mælingum: Góð aðstaða fyrir vatnstöku. Upplýsingar í síma 897 0511

For sale or longtime rent water supply 4,6 hectare land with good admission to the waterhole Gvendarbrunnar: Tremendous water supply available pumping easy. For further information thelephone 897 0511

# SKIPULAGSBREYTING

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns athafnasvæðis, I. áfanga, Hafnarfirði. Íshella I, 3 og 3a

**Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 27. febrúar 2016 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðanna við Íshellu I, 3 og 3a í samræmi við I. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Um er að ræða breytingu deiliskipulags I. áfanga Hellnahrauns.**

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að lóðirnar Íshella 1, 3 og 3a sameinast í eina lóð og að heimild verði veitt fyrir stækkun byggingarreits og allt að 12m mænishæð bygginga.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu Norðurhellu 2, frá 05.12. 2017 til 16. 01. 2018 og á **hafnarfjordur.is**

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 16. 01. 2018. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Nánari upplýsingar eru veittar á umhverfis- og skipulagsþjónustu. Skipulagsfulltrúi.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

## Styrkir VIRK

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Virk starfsendurhæfingarsjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki sem veittir eru til virkniúrræða, rannsóknarverkefna og uppbyggingar- og þróunarverkefna.

VIRK úthlutar styrkjunum tvisvar á ári og þurfa umsóknir um styrkina að hafa borist sjóðnum fyrir 15. janúar eða 15. ágúst ár hvert.

Ákvarðanir um styrkveitingar eru teknar í framhaldinu af framkvæmdastjórn VIRK, í mars og október, að fenginni umsögn frá sérfræðingum VIRK.

Nánari upplýsingar, stefnur og reglur varðandi umsóknir á styrkjum til VIRK og umsóknareyðublöð má finna á www.virk.is

**Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2018.**

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Skólavörðustígur 36

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 22. nóvember 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 30. nóvember 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.4, Lokastígsreits 4, vegna lóðarinnar nr. 36 við Skólavörðustíg. Í breytingunni felst m.a. stækkun hússins, svalir á 2. og 3. hæð og setja hjóla- og sorpgeymslu á baklóð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Lyngháls 7

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 22. nóvember 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 30. nóvember 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 7 við Lyngháls. Í breytingunni felst m.a. hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar, nýr byggingarreitur fyrir opinn tveggja hæða bílastæðapall sunnan núverandi byggingarreits og aðkomu breytt. Einnig að heimilt verði að staðsetja óveruleg mannvirki utan byggingarreits og yfir hámarkshæð svo sem opna útistiga, rampa og ytri tæknibúnað. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Kirkjustétt 2-6

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 22. nóvember 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 30. nóvember 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Kirkjustétt 2-6. Í breytingunni felst m.a. að upphaflegum byggingarreit er skipt í þrjú hús, 1 - 3 hæðir, hluti bygginga innan reits geta því orðið allt að 3 hæðir í stað 2 áður, bætt er við heimild fyrir íbúðir á 2. - 3. hæð húsa 1 og 2. Einnig er skilmálum um bílastæði breytt og bætt við skilmálum um frágang lóðar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Hólmsheiðarvegur 151

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 22. nóvember 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 30. nóvember 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðar Landsnets, Hólmsheiði, Hólmsheiðarvegur 151. Í breytingunni felst m.a. að afmarkaður er nýr byggingarreitur fyrir geymsluhúsnæði sunnarlega á lóðinni, heimilt verði að girða bygginguna af með tveggja metra hárri girðingu og bílastæði verða færð til og þeim komið fyrir norðar á lóðinni. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar er einnig hægt að fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 5. desember 2017 til og með 19. janúar 2017**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 19. desember 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 5. desember 2017
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is




DÚNDURFRÉTTIR
PINK FLOYD
THE
DARK
SIDE OF
THE MOON
45
ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR
ELDBORG 7. APRÍL | HOF 18 . APRÍL
Ógleymanleg stund!
Gefðu tónleika
í jólagjöf
Miðasala á tix.is
JESSIE J
LAUGARDALSHÖLL
18. APRÍL
JESSIEJOFFICIAL.COM | /JESSIEJ

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Norðaustankaldi og léttskýjað sunnanlands í dag en él um landið norðanvert og einnig suðvestan til seint um kvöldið. Vægt frost en talsvert inn til landsins.







**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 3 | | | | | 1 |
| | | 3 | 6 | 1 | | 2 | 9 | |
| 7 | | | 8 | | | | | |
| 4 | | 7 | | | | 6 | | |
| 3 | | | | 4 | | | 1 | |
| | 1 | | 2 | 3 | | 4 | | 5 |
| 5 | 7 | | | | | | 2 | 8 |
| | 8 | 2 | 1 | 7 | | 5 | | |
| | | 4 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 8 | 4 | | | | |
| 3 | | | | 5 | | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | 5 |
| | | 9 | 2 | | | 6 | 1 | |
| | | 3 | | | | | 2 | 7 |
| | 1 | | | 7 | 9 | 4 | | |
| | | 7 | 1 | | | 3 | 8 | |
| | | | 3 | 9 | | | 6 | |
| | | | | | 8 | 1 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 6 | 7 | | |
| 1 | 2 | 9 | | 7 | | | 8 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 3 | | | | | | 4 | |
| | | 6 | | | | 9 | 5 | |
| 8 | | 7 | | 1 | | 3 | | |
| | | 4 | | 2 | 9 | | 6 | |
| 9 | | 1 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | | | | | 8 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. lítill
6. tveir eins
8. væta
9. púka
11. í röð
12. yndi
14. vöruflutningur
16. pot
17. kvk nafn
18. flan
20. á fæti
21. frjáls

**LÓÐRÉTT**
1. himna
3. skóli
4. uppivaðsla
5. sandeyri
7. afl
10. peningur
13. þvottur
15. steintegund
16. amboð
19. ætíð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | 13 | | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT: 2.** smár, **6.** kk, **8.** agi, **9.** ára, **11.** ef, **12.** nautn, **14.** fragt, **16.** ot, **17.** una, **18.** ras, **20.** il, **21.** frír.
**LÓÐRÉTT: 1.** skán, **3.** ma, **4.** ágengni, **5.** rif, **7.** kraftar, **10.** aur, **13.** tau, **15.** talk, **16.** orf, **19.** sí.

## Skák Gunnar Björnsson

Guðmundur Gíslason (Breiðablik&Bolungarvík) átti leik gegn Jakob Aabling-Thomsen (Akureyri) á Íslandsmóti skákfélaga.

**Hvítur á leik**

**35. He7! 1-0.** London Chess Classic hefur farið rólega af stað. Of rólega af margra mati enda lauk öllum 10 skákum 1. og 2. umferðar með jafntefli.

**www.skak.is:** Nýjar skákfréttir.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 8 | 2 | 4 | 5 | 1 | 7 | 6 |
| 1 | 4 | 7 | 6 | 3 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 2 | 6 | 5 | 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 3 |
| 4 | 7 | 2 | 1 | 9 | 3 | 5 | 6 | 8 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 4 |
| 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 4 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 9 | 8 | 3 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 2 | 6 | 4 | 9 |
| 3 | 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 6 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 7 | 1 | 3 | 8 | 5 | 6 | 2 | 9 | 4 |
| 8 | 5 | 4 | 9 | 1 | 2 | 6 | 3 | 7 |
| 4 | 8 | 7 | 1 | 3 | 9 | 5 | 6 | 2 |
| 1 | 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 3 | 8 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 |
| 2 | 3 | 1 | 5 | 8 | 4 | 9 | 7 | 6 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 1 | 4 | 2 | 3 |
| 6 | 4 | 9 | 7 | 2 | 3 | 8 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 8 | 4 | 7 | 3 | 9 | 6 | 5 |
| 3 | 4 | 5 | 2 | 9 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 4 | 8 | 7 | 6 | 5 | 2 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 | 7 |
| 9 | 1 | 3 | 7 | 4 | 8 | 5 | 2 | 6 |
| 2 | 9 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 3 |
| 7 | 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.









## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



PÓSTURINN

# Lengri opnunartími fram að jólum

## Opnunartími pósthúsanna

| | | |
|---|---|---|
| 4.–8. desember | mánudagur–föstudagur | 9:00-19:00 |
| 9. desember | laugardagur | 11:00–17:00 |
| 10. desember | sunnudagur | 13:00–17:00 |
| 11.–15. desember | mánudagur–föstudagur | 9:00–19:00 |
| 16. desember | laugardagur | 11:00–17:00 |
| 17. desember | sunnudagur | 13:00–17:00 |
| 18.–22. desember | mánudagur–föstudagur | 9:00–20:00 |
| 23. desember | laugardagur | 11:00–17:00 |
| 24. desember | sunnudagur | 9:00–12:00 |

Í desember lengist opnunartími pósthúsa. Þú getur því póstlagt jólakortin og jólapakkana þegar þér hentar. Allar nánari upplýsingar um opnunartíma pósthúsanna er að finna á **postur.is/jol.**

**Við komum því til skila**

# Yfirskriftin er Hjónajól

**Sambland af jólalögum, aríum og ýmsum dúettum verður á dagskrá hjónanna Þórunnar Marinósdóttur sóprans, Hlöðvers Sigurðssonar tenórs og Antoníu Hevesi píanóleikara á hádegistónleikum í Hafnarborg í dag.**

Við erum komin í jólaskap, það verður ókeypis inn og dagskráin er létt og skemmtileg. Við tökum meðal annars tvær aríur úr La Bohème, óperu sem gerist um jólaleytið,“ segir Þórunn Marinósdóttir sópransöngkona um hádegistónleikana í Hafnarborg í Hafnarfirði í dag klukkan 12 þar sem hún syngur með manni sínum, Hlöðveri Sigurðssyni tenór og Antoníu Hevesi píanóleikara. Yfirskrift tónleikanna er Hjónajól.

Spurningu um hvort þau hjón séu oft með samsöng heima á kvöldin svarar Þórunn hlæjandi. „Okkur finnst að minnsta kosti gaman að syngja saman og það er alltaf fjör á heimilinu, söngur og gleði. Við eigum fjögur börn en erum reyndar hætt að syngja þau í svefn.“

Fleira eiga þau sameiginlegt, lærðu til dæmis bæði hjá Kristjáni Jóhannssyni úti á Ítalíu. „Við lærðum líka samtímis í Salzburg í Austurríki, þar kynntumst við. Fluttum okkur svo til Ítalíu og bjuggum þá rétt hjá Kristjáni, í Desenzano við Gardavatn. Það var yndislegur tími og við förum alltaf reglulega til Ítalíu til að drekka í okkur menninguna,“ lýsir Þórunn.


Antonía, Hlöðver og Þórunn ætla að koma fólki í hátíðaskap í hádeginu í dag.

Hafnarborg verður opnuð klukkan 11.30 en tónleikarnir hefjast klukkan 12 og eru öllum opnir meðan húsrúm leyfir. Hátíðarbragur er á efnisskránni og þar mun einnig leynast jólauppskrift úr eldhúsi hjónanna. **gun@frettabladid.is**

15-2573-HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Eftirréttir




Stundum er gott að gera sér dagamun




Mjúk og bragðgóð jógúrt með stökkum kornkúlum sem leika við bragðlaukana. Tilvalinn kostur sem sparimorgunverður, gómsætur millibiti eða ljúffengur eftirréttur.

... hvert er þitt eftirlæti?

# Innra net og þræðir hjartans

**LEIKHÚS**

**SOL**

★★★☆☆

**Tjarnarbíó**

**Leikstjórn:** Tryggvi Gunnarsson
**Leikendur:** Salóme Rannveig Gunnarsdóttir, Hilmir Jensson og Kolbeinn Arnbjörnsson
**Handrit:** Hilmir Jensson og Tryggvi Gunnarsson
**Aðstoðarleikstýra:** Bryndís Ósk Þ. Ingvarsdóttir
**Hreyfihönnuður:** Sigríður Soffía Níelsdóttir
**Leikmynd:** Tryggvi Gunnarsson og Valdimar Jóhannsson
**Ljósahönnun:** Hafliði Emil Barðason og Valdimar Jóhannsson
**Búningar:** Tryggvi Gunnarsson
**Hljóð- og myndheimur:** Valdimar Jóhannsson


**Flakkað er á milli raunheima og sýndarveruleika í sýningunni SOL.**
MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

Leikhópurinn Sómi þjóðar sýnir nú nýtt leikrit að nafni SOL í Tjarnarbíói, vettvangi sjálfstæðu sviðslistasenunnar. Hugmyndaheimur leikhópsins er iðulega stærri og flóknari heldur en fábrotnar leikmyndir þeirra gefa til kynna en í þetta skiptið fer hópurinn í nýja átt og þeytir leikhúsáhorfendum inn í tölvuleikjaveruleikann sem þróast nú á ljóshraða, hraðar en sálarlíf manneskjunnar getur stundum tekist á við með góðu móti.

SOL er hægt að staðsetja með tveimur fyrri sýningum Sóma þjóðar, MP5 og Könnunarleiðangrinum til Koi, saman mynda verkin eins konar tæknivæddan þríleik þar sem samskipti mannverunnar og tækninnar eru rannsökuð. Tryggvi Gunnarsson og Hilmir Jensson eru driffjaðrir hópsins og handritshöfundar SOL. Þeirra besti kostur á textasviðinu er einlægnin, óvanaleg efnistök og sá einstaki hæfileiki að finna húmor á óvæntustu stöðum. Aftur á móti getur einlægnin orsakað ákveðið agaleysi og komið þeim í koll.

Internetið á sínar skuggahliðar þar sem fordómar grassera, málfrelsið er afskræmt og í verstu tilvikum getur vefnotkun haft skelfilegar afleiðingar í för með sér. En hver er raunverulegi munurinn á því að spila byssuleiki á sjónvarpsskjá eða hafa snjallsímann límdan við höndina? Er Tinder eitthvað annað en tölvuleikur? Tilgerð í raunveruleikanum er ekki svo ólík því að umbreytast í yfirvaraskeggjaðan pípara sem hoppar ofan á sveppi í sýndarveruleikaheimi. Við erum flest að reyna að finna okkar stað í tilvistinni, sumir þurfa bara að umbreyta sjálfum sér í geimtröll til að takast það.

SOL segir frá baráttu Davíðs við myrkraöfl félags- og víðáttufælninnar. Hann finnur frelsi og vináttu í netheimum sem hetjan Splinter en missir á endanum tökin á hinni raunverulegu tilvist. Hilmir ber af í hlutverki Davíðs og leikur hann af miklum skilningi. Davíð skautar frá ofsahræðslu til ofsagleði en skilur ekki hvernig hann á að takast á við þessar tilfinningar, sérstaklega eftir að hann hittir SOL. Þetta gerir Hilmir vel. Salóme Rannveig Gunnarsdóttir leikur hina dulmögnuðu SOL, sýndarveruleikavalkyrju og draumadís. Í fyrri hluta sýningar er hún heft af handritinu en blómstrar í hinum seinni þegar hin raunverulega manneskja á bak við SOL er afhjúpuð. Kolbeinn Arnbjörnsson fer með hlutverk Hauks, sem flýr raunveruleikann í gegnum áfengi, en er jafnframt síðasta tenging Davíðs við hans gamla líf. Kolbeinn er kraftmikill leikari en þarf að finna stærri tilfinningalega breidd í sinni nálgun því Haukur er alveg jafn áhugaverð persóna og Davíð.

Sjálfstæðir leikhópar glíma oftar en ekki við skort, þá sérstaklega á tíma og fjármunum. Listrænir stjórnendur verða að sinna mörgum hlutverkum til þess að hreinlega koma sýningunni á svið en spyrja má hvort Tryggvi hefði getað sett aðeins meiri tíma í leikstjórnina. Hún er oft á tíðum þunglamaleg og aftengd, sérstaklega þegar persónum er stillt upp á sviði til að tala út til áhorfenda.

Öll sviðshönnun ber merki um gríðarlegan metnað. Leikmyndin virðist kannski einföld en er allt annað en svo. Valdimar Jóhannsson á heiður skilinn fyrir tækniundrið sem hann skapar í hljóð- og myndheimi sýningarinnar. Þar eru myndbönd, upptökur af ýmsu tagi, frumskapaður tækniheimur og síðast en alls ekki síst dýrðleg tónlistarnotkun þar sem nostalgían hittir þráðbeint í hjartastað Nintendo kynslóðarinnar. Sigríður Soffía Níelsdóttir sér um sviðshreyfingarnar sem eru bæði skarpar og stundum bráðfyndnar. Aftur á móti var síðasta danssenan alltof löng þó að uppbrotið hafi verið skynsamlegt og hugljúft með aðstoð yndislegrar tónlistar.

Leikhópurinn Sómi þjóðar hikar ekki við að hnoða leikhúsformið sundur og saman, útkoman er ávallt forvitnileg þó að hún sé ekki endilega slétt og felld. Allir hnútar handritsins eru hnýttir aðeins of fallega saman og það er aðeins of langt, aftur á móti hitta sumar senurnar þráðbeint í mark. Þó að tilfinningasemin daðri reglulega við velsæmismörkin þá nær SOL yfirleitt að rétta sig af. En ekki má gleyma að raunveruleikinn er oft skrýtnari en sýndarveruleikinn.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Virkilega metnaðarfull efnistök sem þurfa agaðri mótunaraðferð.

# GOTT VERÐ Á JÓLALESTRI!






TILBOÐSVERÐ: 4.799.-
Verð: 6.499.-

Refurinn




TILBOÐSVERÐ: 4.799.-
Verð: 6.499.-

Það sem dvelur í þögninni




TILBOÐSVERÐ: 4.599.-
Verð: 6.999.-

Undirferli




TILBOÐSVERÐ: 5.299.-
Verð: 7.999.-

Helgi - Minningar Helga Tómassonar ballettdansara




TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð: 4.499.-

Pabbi, áttu fleiri uppskriftir?




TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð: 6.299.-

Handbók um minni og gleymsku




Konan í dalnum
og dæturnar sjö
**TILBOÐSVERÐ: 3.999.-**
Verð áður: 5.499.-




Litla vínbókin
**TILBOÐSVERÐ: 2.499.-**
Verð áður: 3.499.-




KAUPAUKI!
KAUPTU „KALAK" OG FÁÐU BÓKINA „SPÁMENNIRNIR Í BOTNLEYSUFIRÐI" FRÍTT MEÐ!

Kalak (+ kaupauki)
**TILBOÐSVERÐ: 4.299.-**
Verð áður: 5.999.-




Sólhvörf
**TILBOÐSVERÐ: 3.999.-**
Verð áður: 6.299.-



MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 6. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.







| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| DADDY'S HOME 2 | KL. 5:40 - 8 - 9 - 10:20 | 6 |
| DADDY'S HOME 2 VIP | KL. 5:40 - 8 | VIP |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 - 6:20 | L |
| COCO ENSKT TAL | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | L |
| JUSTICE LEAGUE 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| JUSTICE LEAGUE 2D VIP | KL. 10:20 | VIP |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 8 - 10:40 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| DADDY'S HOME 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 6 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:30 | L |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 5:20 - 8 - 9 - 10:30 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| DADDY'S HOME 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 6 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 | L |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 8 - 10:40 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| DADDY'S HOME 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:20 | 6 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 | L |
| JUSTICE LEAGUE 3D | KL. 5:10 - 7:45 - 10:20 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 7:45 - 10:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| DADDY'S HOME 2 | KL. 8 | 6 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 | L |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 10:20 | 12 |





# Hvað? Hvenær? Hvar?

Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 5. DESEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Daniel Rorke Tríó á Kexi
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Í kvöld kemur fram tríó ástralska saxófónleikarans Daniels Rorke. Með honum leika þeir Valdimar K. Sigurjónsson á kontrabassa og Matthías Hemstock á trommur. Þeir munu flytja blöndu frumsaminnar tónlistar og eigin útsetninga þekktra djasslaga.

**Hvað?** Hádegistónleikar í Hafnarborg – Hjónajól
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hafnarborg, Hafnarfirði
Í dag er komið að desembertónleikum hádegistónleikanna. Yfirskrift tónleikanna er Hjónajól en það eru hjónin Þórunn Marinósdóttir sópran og Hlöðver Sigurðsson, tenór og meðlimur Sætabrauðsdrengjanna, sem koma fram að þessu sinni. Að venju verður sérstakur hátíðarbragur yfir efnisskránni og þar mun einnig leynast jólauppskrift úr eldhúsi hjónanna.

**Hvað?** Magnum Mysterium Jan Lundgren, Barbörukórinn & Sigríður Thorlacius
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Stórtónleikar í Norðurljósasal Hörpu með sænska djasspíanistanum Jan Lundgren og kontrabassaleikaranum Hans Backenroth. Þar munu þeir flytja hið fræga klassíska kórverk Magnum Mysterium ásamt Barbörukórnum. Loks mun söngkonan Sigríður Thorlacius flytja sænsk djasslög við undirleik Jans Lundgren.

### Viðburðir

**Hvað?** Norræna velferð til framtíðar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Norræna húsinu
Norðurlönd í fókus boðar til opins fundar í Norræna húsinu til að ræða norræna velferð til framtíðar.

**Hvað?** Opinn fundur – Hugmyndir um breytta notkun á Deiglunni
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Deiglan í Listagili, Akureyri
Stjórn Gilfélagsins hefur sett fram hugmyndir um að auka nýtingu Deiglunnar, sem hafa verið kynntar á tveimur aðalfundum Gilfélagsins, en nú á að efna til opins fundar þar sem öllum sem hafa áhuga á málinu er boðið að mæta og leggja sínar hugmyndir fram. Við hvetjum alla áhugasama um efnið og eru búsettir á Eyjafjarðarsvæðinu að mæta og taka til máls. Á fundinum verða hugmyndir Gilfélagsins um breytingar á Deiglunni kynntar í máli og myndum.

**Hvað?** Bókmenntakvöld
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness
Bókmenntakvöld með jólalegum blæ í Bókasafni Seltjarnarness en boðið verður upp á jólaglögg og smákökur. Það er lífskúnstnerinn Jón Sigurður Eyjólfsson sem kemur til að lesa upp úr og fjalla um bók sína Tvíflautan. Bókasafn Seltjarnarness er fyrsti viðkomustaður Jóns Sigurðar til að kynna bók sína en hann býr í Andalúsíu á Spáni og stoppar aðeins í eina viku á landinu.



**Sigríður Thorlacius kemur fram með sænska djasspíanistanum Jan Lundgren í Hörpu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvað?** Have a Merry Kexmas 2017
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Nú er sá tími ársins sem blóðþrýstingurinn fer yfir heilbrigð mörk og við verðum vansvefta af streitu. Segið skilið við vanlíðan og njótið aðdraganda jóla með okkur í rólegheitunum á Kexi í desember. Eggjapúns, Irish coffee, jólamatseðill Sæmundar í sparifötunum, jóladjass, möndlur, tónleikahald, barnaskemmtun, upplestur og tólgarkertaljós.

**Hvað?** Ójöfnuður á Íslandi – Stefán Ólafsson á fundi SffR
**Hvenær?** 20.15
**Hvar?** Samfylkingarfélagið í Reykjavík, Hallveigarstíg
Frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar og fram til 1995 ríkti mikill jöfnuður á Íslandi. Eftir það og allt fram að bankahruni jókst ójöfnuður hér á landi verulega. Árið 2013 tók ójöfnuður að aukast á ný. Í síðustu viku kom út bókin Ójöfnuður á Íslandi – Skipting tekna og eigna í fjölþjóðlegu samhengi. Bókina skrifuðu Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson. Stefán kemur á fund Samfylkingarfélagsins í Reykjavík í kvöld og fjallar um hvernig tekju- og eignaskipting á Íslandi þróaðist frá millistríðsárunum til samtímans.

**Hvað?** JólaGestir* Ragga og Dassa 2017
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gunnarshús, Dyngjuvegi
Einstök kvöldstund þar sem skemmtikraftarnir Dagur Hjartarson og Ragnar Helgi Ólafsson axla ábyrgð á bókum sínum, Heilaskurðaðgerðinni og Handbók um minni og gleymsku. Bækurnar verða til sölu. Hverju seldu eintaki fylgir bolli af prestakaffi. Félagarnir munu líka líta um öxl og fara yfir farsælan feril, segja skemmtisögur úr bransanum sem margar hverjar hafa ekki heyrst áður.

**Hvað?** Ljóðakvöld - C is for Cookie
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** C is for Cookie, Týsgötu
Í kvöld mæta nokkur ljóðskáld með ljóðabækur sínar og leyfa okkur að njóta skáldskapar síns. Þau skáld sem taka þátt eru eftirfarandi: Hallgrímur Helgason, Bergþóra Snæbjörnsdóttir, Jóhann Valur Klausen, Sigríður Helga Sverrisdóttir, Kött Grá Pjé, Margrét Lóa Jónsdóttir og Dóri DNA.

**Hvað?** Öld einmanaleikans
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík
Málþing um einmanaleika í nútímaþjóðfélagi, allir velkomnir. Fyrirlesarar: Sigrún Daníelsdóttir, sálfræðingur hjá Embætti landlæknis, Halldóra Jónsdóttir, geðlæknir og yfirlæknir bráðadeildar og bráðamóttöku Landspítalans, Óttar Guðbjörn Birgisson, sálfræðingur hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Fundarstjóri verður Þorsteinn Guðmundsson, leikari og annar verkefnisstjóra Bataskóla Íslands.

**Hvað?** Tilnefningahátíð Fjöruverðlaunanna
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið
Velkomin á tilnefningahátíð Fjöruverðlauna – bókmenntaverðlauna kvenna. Hátíðin verður haldin í Borgarbókasafninu í Tryggvagötu. Dómnefndir tilnefna bækur í þremur flokkum: fagurbókmenntum, barna- og unglingabókmenntum, fræðibókum og ritum almenns eðlis.








| | |
|---|---|
| The Party | 18:00 |
| Listy Do M3 ENG SUB | 18:00 |
| Atvikið á Nile Hilton hótelinu | 18:00 |
| The Holiday | 20:00 |
| The Killing of a Sacred Deer | 20:00, 23:00 |
| Mother! | 20:00 |
| Suburbicon | 22:15 |
| Undir Trénu ENG SUB | 22:30 |

# 7. DESEMBER 2017

# JÓLAHÁTÍÐ

## FATLAÐRA

Fimmtudaginn 7. des. verður Jólahátíð fatlaðra
haldin í 35. sinn á Hilton Reykjavik Nordica kl. 20

35 Ára
AFMÆLISHÁTÍÐ

Hljómsveitin Toppmenn sér um undirleik.
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts undir stjórn
Snorra Heimissonar leikur létt lög frá 19:15

Jóhannes Guðjónsson píanóleikari leikur í anddyri

**Jólasveinn situr í hásæti til myndatöku**

**Húsið verður opnað klukkan 19:00 og dagskrá lýkur um klukkan 21:30**


Laddi


Dimma


Sveppi


Sönghópurinn Fókus


Ingó töframaður


Þór Breiðfjörð


Jónína Aradóttir


Sigmundur Ernir


Geir Ólafs


Heiða Ólafs


Ingó Veðurguð


María Ólafsdóttir


André Bachmann


Bjarni Þór Sigurðsson


Forstetahjónin

Kynnar: Sigmundur Ernir og Með okkar augum
Hljóð- og tæknimenn frá Hotel Nordica og sviðsstjóri er Friðgeir Bergsteinsson
Heiðursgestir: Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og frú Eliza Reid
Pantið tímanlega hjá Ferðaþjónustu fatlaðra

Að venju eru aðstandendur hvattir til að mæta með sínu fólki

GRÆNN MARKAÐUR · KEX · Coca-Cola · NÓI SÍRÍUS · prentun.is · HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS · Hilton Reykjavik Nordica · VOX RESTAURANT · MS




**AÐVENTAN MEÐ VÖLU MATT.**
KL. 20:20

Vala Matt. er komin í jólafötin og fer með okkur í ferðalag um undraveröld jólanna eins og henni einni er lagið á aðventunni. Innanhússarkitektar og stílistar sýna okkur það nýjasta í jólaskreytingum, girnilegar og hátíðlegar mataruppskriftir og sálfræðingurinn Erla Björnsdóttir leiðir okkur í gegnum jólaannirnar með bros á vör.

Þrælgott
**Þriðjudagskvöld**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

**REBECKA MARTINSSON**
KL. 20:50

Rebecka Martinsson er snjall lögfræðingur sem snýr aftur heim á æskuslóðir sínar eftir að vinkona hennar deyr við afar grunsamlegar aðstæður.




**BLINDSPOT**
KL. 21:40

Skemmtilegir og stórgóðir spennuþættir um hina eitursnjöllu Jane Doe og félaga hennar hjá FBI.



**OUTLANDER**
KL. 22:25

Magnaðir og sjóðheitir þættir sem fjalla um hjúkrunarkonuna Claire sem ferðaðist aftur í tímann og flæktist í tímalausan ástarþríhyrning.



**CONFIRMATION**
KL. 22:00

Sönn saga Anitu Hill sem árið 1991 ákærði Clarence Thomas, háttsettan dómara, fyrir kynferðislega áreitni.




**SEINFELD**
ALLA VIRKA DAGA KL. 19:30

Jerry Seinfeld er skemmtilegur uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.



**LÍNA LANGSOKKUR Á FERÐ OG FLUGI**
KL. 19:00

Skemmtileg teiknimynd um sterkustu stelpu í heimi, Línu Langsokk, og vini hennar Önnu og Tomma sem eru aldrei langt undan.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is



# DAGSKRÁ

## Þriðjudagur

### STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.20** Teen Titans Go!
**07.45** The Middle
**08.10** Mike & Molly
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Jamie's 30 Minute Meals
**10.40** Undateable
**11.10** Mr. Selfridge
**12.00** Lóa Pind: Bara geðveik
**12.35** Nágrannar
**13.00** Britain's Got Talent
**13.25** Britain's Got Talent
**14.35** Britain's Got Talent
**15.00** Britain's Got Talent
**16.10** Britain's Got Talent
**16.35** Simpson-fjölskyldan
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.25** Fréttayfirlit og veður
**19.30** Anger Management Fimmta syrpa þessara skemmtilegu gamanþátta með Charlie Sheen í aðalhlutverki sem fjallar um Charlie Goodson, sem er skikkaður til að leita sér aðstoðar eftir að hafa gengið í skrokk á kærasta fyrrverandi eiginkonu sinnar. Málin flækjast heldur betur þegar Charlie á svo í ástarsambandi við sálfræðinginn sinn, sem hann leitar á náðir vegna reiðistjórnunarvandans.
**19.55** Modern Family
**20.20** Aðventan með Völu Matt
**20.45** Rebecka Martinsson
**21.40** Blindspot
**22.25** Outlander
**23.20** Curb Your Enthusiasm
**23.50** Black Widows Önnur syrpa þessara skandinavísku spennuþátta af bestu gerð sem fjalla þrjár vinkonur sem allar eiga það eitt sameiginlegt að hafa fjarlægst eiginmenn sína og í raun fengið nóg af þeim. Þær grípa því til örþrifaráða og ákveða að koma þeim fyrir kattarnef og með því sjá fyrir sér áhyggjulaust ævikvöld. Sú verður ekki raunin því lygavefurinn sem þær hafa spunnið dregur þær inn í veröld svika og undirferlis.
**01.20** Wentworth
**02.15** Nashville
**03.00** Queen Sugar

### STÖÐ 2 SPORT

**09.05** Höttur - Þór Þ.
**10.45** Domino's körfuboltakvöld
**12.20** Birmingham City - Wolverhampton Wanderers
**14.00** Football League Show
**14.30** Barcelona - Celta Vigo
**16.10** Spænsku mörkin
**16.40** Premier League World
**17.10** Brighton - Liverpool
**18.50** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**19.15** Meistaradeildarmessan
**21.45** Meistaradeildarmörkin
**22.15** Premier League Review
**23.10** Chelsea - Atletico Madrid

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.35** WBA - Crystal Palace
**09.15** Watford - Tottenham
**10.55** Stoke - Swansea
**12.35** Leicester - Burnley
**14.15** Chelsea - Newcastle United
**15.55** KR - Tindastóll
**17.35** Domino's körfuboltakvöld
**19.10** Þýsku mörkin
**19.40** Manchester United - CSKA Moscow
**21.45** Barcelona - Sporting
**23.35** Bayern Munchen - PSG

### STÖÐ 3

**17.15** Gilmore Girls
**18.00** The Big Bang Theory
**18.30** Fresh off the Boat
**19.00** Modern Family
**19.30** Seinfeld
**19.55** Friends
**20.25** World's Strictest Parents
**21.25** The Last Man on Earth
**21.55** Sleepy Hollow
**22.40** The Strain
**23.25** Flash
**00.40** Modern Family
**01.05** Friends
**01.30** Seinfeld
**01.55** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.05** Dóra könnuður
**07.29** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.52** Doddi litli og Eyrnastór
**08.02** Áfram Diego, áfram!
**08.26** Svampur Sveinsson
**08.51** Lalli
**08.57** Rasmus Klumpur
**09.02** Strumparnir
**09.27** Hvellur keppnisbíll
**09.39** Ævintýraferðin
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** K3
**10.13** Víkingurinn Viggó
**10.27** Tindur
**10.38** Mæja býfluga
**10.50** Elías
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur
**13.00** Strumparnir
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Ævintýraferðin
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** K3
**14.11** Víkingurinn Viggó
**14.25** Tindur
**14.36** Mæja býfluga
**14.48** Elías
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur
**17.00** Strumparnir
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Ævintýraferðin
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** K3
**18.11** Víkingurinn Viggó
**18.25** Tindur
**18.36** Mæja býfluga
**18.48** Elías
**19.00** Jóladagatal Afa
**19.05** Lína langsokkur á ferð og flugi



**Dóra könnuður kl. 07.05, 11.00 og 15.00**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** Hero World Challenge
**12.00** PGA Highlights
**12.55** Hero World Challenge
**17.50** Golfing World
**18.40** Hero World Challenge
**23.40** Golfing World

### STÖÐ 2 BÍÓ

**09.50** Trip to Italy
**11.40** Dressmaker Dramatísk mynd frá 2015 með Kate Winslet, Judy Davis og Liam Hemsworth. The Dressmaker gerist í smábænum Dungatar í Ástralíu á sjötta áratug síðustu aldar og segir frá fatahönnuðinum og saumakonunni Tilly Dunnage sem snýr aftur til bæjarins eftir að hún var send þaðan ellefu ára gömul í kjölfar dauða skólafélaga hennar. Margir íbúa Dungatar telja að það hafi verið morð. Tilly Dunnage segist hafa snúið aftur til Dungatar til að sjá um veika móður sína, en hún á líka harma að hefna gegn nokkrum íbúanna sem áttu sinn þátt í að hrekja hana á brott á sínum tíma.
**13.40** Snowden
**15.55** Trip to Italy
**17.45** Dressmaker
**19.45** Snowden
**22.00** Confirmation Frábær sannsöguleg mynd úr smiðju HBO frá árinu 2016 með Kerry Washington í aðalhlutverki. Hún fer á kostum í hlutverki Anitu Hill sem árið 1991 ákærði dómarann Clarence Thomas fyrir kynferðislega áreitni. Réttarhöldin höfðu vægast sagt söguleg og magnþrungin áhrif á menningu og stjórnmálasögu landsins.
**23.50** Skin Trade
**03.00** Confirmation

### RÚV

**17.10** Menningin - samantekt
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Kata og Mummi
**18.12** Söguhúsið
**18.19** Letibjörn og læmingjarnir
**18.25** Jóladagatalið: Snæholt
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Kastljós og Menningin
**20.05** Einfalt með Nigellu
**20.40** Fjandans hommi
**21.15** Kveikur
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.25** Myrkraengill
**23.10** Versalir
**00.05** Kastljós og Menningin
**00.25** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show
**09.45** The Late Late Show
**10.25** Síminn + Spotify
**13.15** Dr. Phil
**13.55** Extra Gear
**14.20** Top Chef
**15.05** Life in Pieces
**15.30** Survivor
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.35** Dr. Phil
**18.20** The Tonight Show
**19.05** The Late Late Show
**19.50** The Great Indoors
**20.20** Ilmurinn úr eldhúsinu
**21.00** This is Us
**21.50** Salvation
**22.35** Difficult People
**23.05** The Tonight Show
**23.45** The Late Late Show
**01.10** The Good Fight
**01.55** Wisdom of the Crowd
**02.40** Law & Order True Crime: The Menendez Murders
**03.25** Better Things

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# HB HÚSGAGNABANKINN - LAGERSALA

Faxafen 10 - opið frá 13 - 18 virka daga og 13 - 16 laugardaga

## Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - www.husgagnabankinn.is



**Carrera**
hægindastóll
í sterku áklæði

**57.000**



**Rubelli**
hægindastóll
alklæddur ekta leðri
snúningur og rugga

**89.000**



**Bronson**
Rafknúinn
hægindastóll
alklæddur ekta leðri

**134.000**



Sjónvarpsskápur 121sm

**107.000**



Victorian innskotsborð

**48.000**



Sjónvarpsskápur 135 sm

**98.000**



180 sm borðstofuborð m. stækkun

**199.000**



Borðstofustóll

**34.000**



Vanessa skenkur 175 sm

**137.000**



Lyftistóll - áklæði
2 mótorar

**125.000**



Lyftistóll - leður
2 mótorar

**159.000**



Chippendale skenkur 145sm

**149.000**



Sófaborð 110 x 60 sm

**73.000**



Sófaborð 110 x 70 sm

**73.000**



Sófaborð 110 x 60 sm

**79.000**



Sófaborð 108/152 x 54 sm

**77.000**



Glerskápur - 120 sm

**159.000**



Glerskápur - 150 sm

**235.000**



**11.000**
Leðurtaska



**13.000**
Ugla




**36.000**
ILIFE A4s, ryksuguvélmenni



**38.000**
ILIFE V5PRO, ryksuguvélmenni
og blautmoppa




**46.000**
ILIFE A6, ryksuguvélmenni
með ósýnilegum vegg

**www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030**







MEÐ HELGUM HLJÓM
Jólatónleikar
- í Fríkirkjunni í Reykjavík -
Hátíðartónleikar til styrktar Kviðarhols- og þvagfæraskurðdeild Landspítalans, 13E/G, fimmtudaginn 7. desember kl. 12
Miðasala á tix.is og við innganginn - Miðaverð 2500.-



Páll Óskar keyrði Kristalsplötuna sína heim til fólks í ár. Vafalaust verður hún í nokkrum jólapökkum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Tónlist í jólapakkann ekki alveg liðin tíð

Streymisveitur valda því að tónlistarmenn gefa varla út tónlist í föstu formi lengur. Og þó. Enn er verið að gefa út geisladiska og jafnvel vínyl, þótt útgáfan fari stundum fram með öðru sniði nú en áður.

Nokkrar sveitir gáfu í ár út sérstaka viðhafnarútgáfu af sínum vinsælustu verkum á vínylplötu. Maus sendi frá sér endurútgáfu af Lof mér að falla að þínu eyra, Kolrassa krókríðandi af Drápu og Botnleðja af Fólk er fífl. Það verður spennandi að fylgjast með hvort fleiri fylgi í fótspor þeirra á næstunni, enda af nógu að taka.

Vínyllinn fór að koma sterkur inn aftur fyrir nokkrum árum og tók þá raunar fram úr geislaplötunni. Það er erfitt að segja hver ástæðan fyrir því er – líklega eru þær margar og fylgja líklega falli tónlistarsölu, þó að það kunni að hljóma mótsagnakennt. Vínylplötur eru oft eigulegir gripir og það er það sem fólk saknar eftir að útgáfa tónlistar færðist yfir í stafrænt form, þ.e.a.s. þess að geta haldið á einhvers konar grip.



Hljómsveitin Maus um það leyti þegar Lof mér að falla að þínu eyra kom út. Endurútgáfa þeirrar plötu er alveg frábær jólagjöf.



Gunnar Þórðarson gefur út heiðarlegan geisladisk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Safnað fyrir útgáfu

Einhverjir hafa brugðið á það ráð að safna fyrir útgáfu á plötum sínum. Þá er notast við söfnunarsíður eins og Karolina Fund þar sem aðdáendur geta styrkt útgáfuna – raunar forkeypt plötuna og síðan fengið hana upp í hendurnar um leið og hún kemur úr prenti (ef safnarinn nær takmarki sínu það er að segja). Ný Dönsk safnaði fyrir nýjustu plötunni sinni, sem auðvitað tókst og úr varð platan Á plánetunni jörð.

Páll Óskar sendi frá sér Kristalsplötuna en hann safnaði reyndar ekki fyrir henni en tók niður pantanir áður en hún kom út og sentist svo um landið með eintökin.

Snorri Helgason safnaði fyrir plötunni Margt býr í þokunni en um er að ræða hálfgert gæluverkefni sem Snorri hefur verið að vinna að síðustu fjögur árin.

### Ekkert kjaftæði

Sumir þurfa svo ekkert að vera að pæla í einhverjum svona hlutum og gefa bara út heiðarlega geisladiska sem hvort sem er seljast í bílförmum enda stór aðdáendahópur bak við sem er ekkert endilega hrifinn af einhverju Spotify bulli og söfnunum og svona.

Björgvin Halldórsson sendir frá sér Þig dreymir kannski engil en það er safn af ballöðum Bós sem eru auðvitað fjöldamargar. Geir Ólafs setur Las Vegas jólasýninguna sína á geisladisk og er það líklega keppinautur um jólagjöf ársins. Eyþór Gunnarsson og Tómas R. gefa út sameiginlega plötu, Innst inni. Bubbi sendi frá sér plötuna Túngumál, en hún kom einnig á vínyl. Gunnar Þórðarson gefur út sextán glæný lög undir heitinu 16 – en þar veita margir af ástsælustu söngvurum og textahöfundum þjóðarinnar honum aðstoð, eins og til dæmis Bragi Valdimar, Guðmundur Andri Thorsson, Vigdís Grímsdóttir, Ingibjörg Gunnarsdóttir, Ómar Ragnarsson, Sigríður Thorlacius, Jóhanna Guðrún og Stefán Hilmarsson.

stefanthor@frettabladid.is

# Komið með okkur á HM í Rússlandi!




Upplifið stemmninguna þó ekki takist að kaupa miða á leikina, mikið fjör verður á staðnum.
Fótbolti og frí í sumarblíðu.
Við bjóðum pakkaferðir.

**14.-23. júní (10 dagar / 9 nætur)**
**23.-30. júní (8 dagar / 7 nætur)**
**Verð frá 287 000 kr.**

Bjarmaland ferðaskrifstofa

www.bjarmaland.is sími 770 50 60

bjarmaland@bjarmaland.is

TRAVEL AGENCY ICELANDIC TOURIST BOARD AUTHORISED

ÞÚ FINNUR BÓKINA Í BÓKABÚÐ FORLAGSINS Á FISKISLÓÐ 39

Við lengjum afgreiðslutímann í desember

| | | |
|---|---|---|
| Þriðjudagur | 5. des. | 10–18 |
| Miðvikudagur | 6. des. | 10–18 |
| Fimmtudagur | 7. des. | 10–18 |
| Föstudagur | 8. des. | 10–18 |
| Laugardagur | 9. des. | 11–17 |
| Sunnudagur | 10. des. | 11–17 |
| Mánudagur | 11. des. | 10–18 |
| Þriðjudagur | 12. des. | 10–18 |
| Miðvikudagur | 13. des. | 10–18 |
| Fimmtudagur | 14. des. | 10–19 |
| Föstudagur | 15. des. | 10–19 |
| Laugardagur | 16. des. | 11–19 |
| Sunnudagur | 17. des. | 11–19 |
| Mánudagur | 18. des. | 10–19 |
| Þriðjudagur | 19. des. | 10–19 |
| Miðvikudagur | 20. des. | 10–19 |
| Fimmtudagur | 21. des. | 10–19 |
| Föstudagur | 22. des. | 10–19 |
| Laugardagur | 23. des. | 10–19 |
| AÐFANGADAGUR | 24. des. | lokað |
| JÓLADAGUR | 25. des. | lokað |
| ANNAR Í JÓLUM | 26. des. | lokað |

Bækur allra útgefenda á Forlagsverði

Einn heppinn viðskiptavinur á dag fær gjöf

Næg bílastæði og heitt á könnunni

Ókeypis merkimiði fylgir hverri bók

Innpökkunarborð

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is




Þeir feðgar Bolli og Ófeigur segjast finna verulegan mun á verslun þegar lokanir ganga í gegn. Nú á að loka á kvöldin og nóttunni sem vekur töluverða furðu meðal verslunarmanna á Skólavörðustíg. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Furðulokun vekur litla gleði verslunareigenda

Borgarráð hefur samþykkt að loka fyrir umferð bíla frá klukkan 16.00 til 07.00 á tímabilinu 14. til 23. desember í miðbænum. Verslunareigendur eru ekki sáttir og segja bæinn vera orðinn einsleitan.

Ég náði ekki að tala við alla, vegna hins stutta tíma sem okkur var gefinn, en allir sem ég talaði við voru á móti þessu," segir Bolli Ófeigsson hjá Ófeigi gullsmiðju. Borgarráð hefur samþykkt að opna göngugötur í miðbæ Reykjavíkur á aðventunni og loka fyrir bílaumferð frá 16.00 til 07.00 á tímabilinu 14. til 23. desember.

Ástæðan fyrir því að Bolli náði ekki í alla er sú að hann fékk afar skamman tíma til að bregðast við eða aðeins nokkra klukkutíma. Alls voru 11 sem skrifuðu undir mótmælin sem Bolli sendi Miðborginni okkar. Af einhverjum orsökum fór bréfið hans inn í fundargerðina og vöktu orð hans um göngutúr um Hljómskálagarðinn töluverða athygli.

„Laugavegur, Bankastræti og Skólavörðustígur eru verslunargötur. Þeir sem vilja fara í göngutúr þar sem engin bílaumferð er geta gengið í Hljómskálagarðinum og hringinn í kringum tjörnina," sagði í bréfinu.

Bolli furðar sig á að bréf hans hafi farið með í fundargerðina. „Ég sendi texta á Miðborgina okkar, prívat og persónulega, og það er alveg fáránlegt að þetta sé í einhverjum opinberum gögnum. Þetta var bara okkar á milli og átti bara að fara til hans. Hvað segir maður ekki á milli vina í tölvupóstsamskiptum?"

Hann bendir á að tvær búðir, önnur neðarlega á Skólavörðustíg og hin ofarlega, finni greinilegan mun á veltu þegar lokað er fyrir umferð neðarlega í götunni. „Í upphafi vorum við tilbúin að skoða þessar lokanir og taka þátt í tímabundnum lokunum í tilraunaskyni. Fljótlega kom þó í ljós að lokanirnar hafa veruleg áhrif á verslun og viðskiptavinum fækkar þegar gatan er lokuð. Ég er búinn að reka verslun hér í 25 ár og ég sé muninn. Mér er annt um miðbæinn og það er sárt að horfa upp á að Íslendingar sækja minna og minna í miðborgina þar sem verslanir eru orðnar einsleitar og aðgengi slæmt.

Ef það væri meira að gera þegar göturnar væru lokaðar þá værum við ekki að kvarta. Þá værum við alsæl," segir hann.

**benediktboas@365.is**

## ÞESSU SVÆÐI VERÐUR BREYTT Í GÖNGUGÖTUR




> ÉG SENDI TEXTA Á MIÐBORGINA OKKAR, PRÍVAT OG PERSÓNULEGA, OG ÞAÐ ER ALVEG FÁRÁNLEGT AÐ ÞETTA SÉ Í EINHVERJUM OPINBERUM GÖGNUM. ÞETTA VAR BARA OKKAR Á MILLI OG ÁTTI BARA AÐ FARA TIL HANS. HVAÐ SEGIR MAÐUR EKKI Á MILLI VINA Í TÖLVUPÓSTSAMSKIPTUM?

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Geysir Skólavörðustíg 7 & 16 og Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti, Akureyri. Haukadalur. — Sími 519 6000. Geysir.com

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



# Að koma heim í miðri messu

Skömmu fyrir nón síðastliðinn laugardag er mér ekið, nýlentum hér á landi, í gegnum Garðabæ á leið til föðurhúsa í Kópavogi. Verður mér þá litið til suðurs í hraunið þar sem nær allur bílafloti landsmanna umkringir Costco og síðan blasir við mér bílalest mikil sem bíður þess að komast fyrir í sömu mergðinni.

**Mér varð hugsað til þorps nokkurs á Spáni þar sem ég hélt upplestur. Ekki leist mér á blikuna þegar þangað kom því þorpið virtist tómt. Það var ekki fyrr en mig bar að kirkjunni að ég áttaði mig á því hvar þorpsbúar voru. Nú á laugardaginn fannst mér ég hafa komið heim í miðri messu.**

**En annars er það aðdáunarvert hvað kapítalistarnir hafa náð að hagræða hér í landi og geta þannig boðið þjóð vorri upp á enn meiri einsleitni en kommúnistar höfðu þorað að láta sig dreyma um. Ein búð, örfáir sjávarútvegsrisar, örfá bú, verið er að vinna að því að koma öllum fyrir í einni borg, þar sem örfáir eiga allan húsakost og þannig má áfram telja. Nú þarf hið opinbera bara að reka lokahnútinn á þetta. Það sjá það allir hversu mikið vesen er að vinna með mörgum flokkum. Reynslulaus flokkur gengur úr skaftinu að næturþeli og síðan tekur tíma og ótal tár, á vinstri vanga, að setja þetta saman að nýju. Af hverju ekki að hafa bara einn flokk? Og allt þetta lífsskoðunarvesen, með óendanlegum þyngslum fyrir kommentakerfin? Eigum við ekki bara að hætta þessu röfli og setja öll trú okkar á Mammon?**

**Og svo fyrir þá sem kunna ekki fótum sínum forráð í þessari framúrskarandi einsleitni má náttúrlega hanna eitt stórt tjaldsvæði í Laugardal.**







